

Skattur á menn

Einstaklingsskattaréttur

Álagning og greiðsla tekjuskatts

Skattyfirvöld

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki 11

Vægi 6 til 7

Almennur fróðleikur

Tekjuárið, sbr. 1. mgr. 59. gr. TSL

- Tekjuskatt skal miða við tekjur **næsta almanaksárs** á undan skattákvörðun
 - Við ákvörðun skatta árið 2020 er því gengið út frá tekjum frá og með 1. jan. til og með 31. des. 2019 = 12. mánuðir
- Þetta gildir fortakslaust **nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikn-ingsár**
- Getur ríkisskattstjóri þá veitt honum heimild til að nota það reikningsár sem tekjuár í stað almanaks-ársins

Túlkun

- Orðalagið „... nema annað sé venjulegt **rekstrarár** í **atvinnugrein** **aðila** eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað **reikningsár** ...“ gefur til kynna að heimildin takmarkist við **atvinnurekstur**
- Þar sem menn geta ekki haft tvö tekjuár, eitt fyrir sig persónulega og annað fyrir atvinnureksturinn leiðir af sjálfu sér að heimildin takmarkast við **lögaðila** í raun
- **Muna:** Tekjuár er heitið á árinu sem tekjurnar myndast á. Gjaldár/Skattár kallast hins vegar árið sem skatturinn er ákveðinn

Dómur Hæstaréttar dimmtudaginn 20. janúar 2011 í málinu nr. 212/2010: Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. gegn íslenska ríkinu

- Ö krafðist ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra þar sem því var hafnað að Ö væri heimilt að miða tekjuár félagsins við annað tímabil en almanaksárið
- Ágreiningur málsins laut að því hvort skilyrðum 1. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt væri fullnægt. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að víkja frá meginreglunni um almanaksár með heimild skattyfirvalda ef öðru af tveimur skilyrðum er fullnægt, **annað hvort** að venjulegt rekstrarár í atvinnugrein þess, sem leitar heimildar, sé annað en almanaksárið **eða hann sýnir** þegar hann telur fram til skatts að reikningsár sitt sé í reynd annað
- Talið var að Ö uppfyllti hvorugt skilyrði 1. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003 og var íslenska ríkið því sýknað í málinu

YSÚ 171/2015

<http://www.yskn.is/urskurdir/#2994>

- Beiðni kæranda sem var móðurfélag tiltekinna dótturfélaga sem að mestu leyti höfðu með höndum hefðbundinn verslunarrekstur um að fá að miða tekjuuppgjör sitt við annað rekstrarár en almanaksárið hafnað þar sem hann hefði hvorki sýnt fram á að venjulegt rekstrarár hjá öðrum aðilum, sem stunduðu sambærilega starfsemi, væri annað en almanaksárið né að kærandi hefði í reynd miðað reikningsár sitt við annað tímabil

Framtal tekna

Almennt

- Ríkisskattstjóri leggur á tekjuskatt. Álagningu sína byggir hann á **skattframtali** þeirra manna og lögaðila sem skyldir eru að greiða tekjuskatt skv. 1. og 2. gr. svo og 3. gr. TSL eftir því sem við á
- Umræddum aðilum ber að telja fram í því formi er skattyfirvöld ákveða. Skv. því er framtals-skyldum aðilum skylt að nota skattframtalið sem RSK ákveður og hannar
- Ákvæði um framtalsskyldu, framtalstíma o. fl. er að finna í 90. gr. – 94. gr. TSL

Stunda
ekki atv

Huga að vægi
þessara orða

Um framtalsskylduna

90. gr. TSL

- Allir, sem **skattskyldir** eru skv. 1. kafla laga þessara, svo og þeir sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr., eru skyldir að afhenda ríkisskattstjóra **SKÝRSLU Í ÞVÍ FORMI** sem ríkisskattstjóri ákveður **þar sem greindar eru að VIÐLÖGÐUM DRENGSKAP** tekjur á síðastliðnu ári og eignir í árslok, svo og önnur atriði sem máli skipta við skattálagningu
- Skýrslu lögaðila og einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi **skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um bókhald eða eftir atvikum laga um ársreikninga**
- Ríkisskattstjóri getur heimilað lögaðilum og einstaklingum **sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi að skila skýrslu í tölvu-tæku formi**
 - Skil á skýrslu í tölvutæku formi að fenginni heimild ríkisskattstjóra jafngildir undirritun skýrslunnar

4. tölul. 4. gr. TSL

Undanþegnir skyldu til að greiða tekjuskatt
eru

- **Hljóðar svo:** Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum
- **Rök.** Framtal þessara aðila er nauðsynlegt svo að unnt sé að fylgjast með ráðstöfun hagnaðar þeirra. Gengur hann til almenningsheilla eða ekki

...að viðlögðum drengskap

- Menn heita því semsé að allt sé sann-leikanum samkvæmt
- Þetta hefur tvenns konar áhrif. Í fyrsta lagi takmarkar það heimild ríkisskatt-stjóra til að **breyta** skattframtali og í annan stað getur framteljandi unnið sér til **refsiábyrgðar** komi síðar í ljós að hann hefur sagt ósatt um tekjur sínar og gjöld

ANDMÆLARÉTTUR

- Almennt er ríkisskattstjóra **óheimilt** að breyta framtali nema tilkynna skattaðila um það fyrst og gefa honum kost á að tjá sig –

ANDMÆLARÉTTUR

- Þetta er fortakslaus regla, sem þýðir, að brjóti ríkisskattstjóri hana ber að ómerkja breytinguna. Skattframtalið stendur því óbreytt
- Skv. 95. gr. TSL er þó heimilt að víkja frá andmæla-réttinum **ef telja má fullvíst að þær upplýsingar sem framtalið inniheldur séu rangar**

Um frávik frá andmælarétti

1. Í fyrsta lagi getur ríkisskattstjóri **leiðrétt augljósar reikningssekkjur** án þess að tilkynna um það
 - Eftir innleiðingu hins rafræna skattframtals hefur leiðréttingum af þessu tagi fækkað
2. Í annan stað er ríkisskattstjóra heimilt að leiðrétta **fjárhæðir** einstakra liða skattframtals ef þær eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli skattyfir-valda eða ríkisskattstjóri hefur í höndum **óyggjandi upplýsingar** um að þær séu ekki sannleikanum samkvæmt
 - Gildi slíkra breytinga er þó háð því að skattaðila hafi verið gert **VIÐVART** um þær áður en lagt er á

Hvernig virkar þetta

- Þú mátt draga 50% frá mótttekinni leigu en dregur frá 60%
 - Má ríkisskattstjóri leiðrétta? Já
- Skv. framtali þínu telur þú ekki fram neinar tekjur frá X
 - Ríkisskattstjóri hefur upplýsingar um að laun þín frá X séu 1,5 millj. Afdráttur staðgreiðslu vitnar um það. Má hann leiðrétta? Já/nei
 - Og ef hann leiðréttir: hvaða skilyrðum þarf hann þá að fullnægja. Gera skattaðila viðvart ...

Hverjum ber að telja fram

1. Framtalsskyldan hvílir á (sér)hverjum (fjárráða) manni
2. Fjárhaldsmenn skulu telja fram fyrir þá sem ekki eru fjárráða
3. Erfingjar skulu telja fram fyrir bú sem eru undir **einkaskiptum**
4. Skiptastjórar skulu telja fram fyrir þrotabú og **dánarbú (opinber- og einkaskipti)**
5. Framtalsskyldan hvílir á (stjórnnum) lögaðila
6. Ef skattaðili er búsettur erlendis, dvelur erlendis eða getur af öðrum ástæðum eigi talið fram sjálfur er honum heimilt að veita manni, er lögheimili hefur hér á landi, umboð til að gera framtal og undirrita það og skal þá skriflegt umboð fylgja
 - **Skattframtölin skulu undirrituð af þeim sem framtalsskyldan hvílir á. Skattframtal bókhaldsskylds aðila skal undirritað af þeim sem bera ábyrgð á að ákvæðum laga um bókhald sé fullnægt. Í skráð-um félögum (fyrirtækjaskrá) er nægilegt að þeir sem heimild hafa til að binda félagið undirriti framtalið**

HIÐ RAFRÆNA FRAMTAL

- Ríkisskattstjóri getur gert lögaðilum og einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skylt að skila skýrslu í tölvutæku formi
- Skil á skýrslu í tölvutæku formi **að feng-inni heimild** ríkisskattstjóra jafngildir undirritun skýrslunnar

Einstaklingar utan atvinnurekstrar

- Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að framtalsskil einstaklinga utan atvinnurekstrar skuli almennt vera með rafrænum hætti og að málsmeðferð verði rafræn eftir því sem við á, þ.m.t. samkvæmt ákvæðum 94.–96., 98., 99. og 101. gr.

Aðstoð við framtalsgerð

- ◆ Nú er framtalsskyldur maður að mati ríkisskattstjóra ófær um að gera framtal sitt sökum hrumleika, sjúkdóms eða annarra hliðstæðra ástæðna **og skal þá ríkisskattstjóri eða umboðs-maður hans veita honum aðstoð til þess**, en framteljandi skal láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn
- **Sá er aðstoð veitir skal rita á skattframtalið yfirlýsingu um að hann hafi aðstoðað við gerð þess**
- ◆ Hafi framtalsskyldur **maður ekki** sinnt þeirri skyldu sinni að telja fram er ríkisskattstjóra heimilt að útbúa skattframtal á viðkomandi með fyrirbyggjandi framtalsupplýsingum, enda telji ríkisskattstjóri þær fullnægjandi – það er: **án atbeina hlutaðeigandi manns**
 - Þannig gert skattframtal skal auðkennt sérstaklega og réttaráhrif þess eru þau sömu og áætlunar skv. 2. mgr. 95. gr.
 - Um tilkynningu og kærufresti fer skv. 2. málsl. 1. mgr. 98. gr. og 99. gr.

Afhending launamiðna og framtalsskil, sbr. 93. gr. TSL

- Ríkisskattstjóri skal í upphafi hvers árs ákveða fresti skattaðila til að skila **framtali**, sbr. 90. gr., og þeim gögnum sem um ræðir í 92. gr. Heimilt er að breyta þeim frestum ef nauðsyn krefur
 - launamiðar, arðsmiðar, hlunnindamiðar, o. fl.
- Almennt verða framtalsskyldir aðilar að skila skattframtali á sama tíma. Þessi tími er venjulega ákveðinn dagur. Menn og fyrirtæki sem hafa atvinnu af framtalsgerð geta þó að fullnægðum ákveðnum skilyrðum fengið leyfi til að skila í framlengdum fresti
- Þeir menn, sem skattskyldir eru hér á landi skv. 1. tölul. 3. gr. TSL (launþegar) og eru á förum úr landi, ber þó að skila framtali til skattstjóra eigi síðar en **VIKU FYRIR BROTTFÖR SÍNA**. Ekki framfylgt í framkvæmd

TAKMARKAÐ

SKATTSKYLDIR AÐILAR

SJÁ 4. MGR. 9. GR. STG

- Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skatt-skyldir eru skv. 2. og 3. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera tekjuskattshlutfall eins og það er ákvarðað í 70. gr. þeirra laga að viðbættu útsvari, sbr. 1. mgr.
- Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skatt-skyldir eru skv. 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera tekjuskattshlutfall eins og það er ákvarðað í 70. gr. þeirra laga
 - og skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts þeirra aðila vera fullnaðargreiðsla án þess **AÐ FRAM ÞURFI AÐ FARA FREKARI ÁKVÖRÐUN EÐA ÁLAGN-ING** nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur skv. 4. tölul. 3. gr. □ Þurfa því ekki að skila skattskýrslu

FYRIRHUGUÐ LOK ÁLAGNINGAR

- Í upphafi hvers árs skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra ákveða með auglýsingu hvenær álagningu skuli vera lokið
- Álagningu skatta má þó ekki fresta í það óendanlega þar sem álagningu verður að vera lokið eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok tekjuárs, sbr. 59. gr. (10. mán = okt.)

Álag vegna síðbúinna ... hvað er þetta

- Telji framtalsskyldur aðili **ekki** fram til skatts innan tilskilins frests má ríkisskattstjóri bæta allt að **15%** álagi við þá skattstofna sem hann áætlaar
 - **Ef skattstofn er áætlaður 2.000.000 kr. nemur álag því 300.000 kr.**
- Þó skal ríkisskattstjóri taka tillit til að hve miklu leyti innheimta gjalda hefur farið fram í staðgreiðslu
 - ríkisskattstjóri ber að setja nánari reglur um þetta atriði????
- Berist framtal, sem álagning verður byggð á, eftir lok framtals-frests, en áður en álagningu ríkisskattstjóra er lokið, má þó aðeins bæta 0,5% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil hafa dregist fram yfir frestinn, **þó ekki hærra álagi en 10%**

Útreikningur álags

- Álag reiknast af tekjuskattsstofni. TIL AÐ UNNT SÉ AÐ REIKNA ÞAÐ VERÐUR TEKJUSKATTSTOFNINN AÐ VERA JÁKVÆÐUR
- Sé tap af rekstri er því ekki unnt að gera skattaðila álag

Úrskurður nr. 248/2010

Gjaldár 2009

- Fallist var á kröfu kæranda um niður fellingu álags vegna síðbúinna framtalsskila, en fyrir lá að veikindi og síðar andlát sérkunnáttumanns, sem hafði með höndum gerð og skil skattframtals kæranda, höfðu valdið þeim töfum sem urðu á framtalsskilum kæranda

Álag er refsikennt viðurlag

- Álag er refsikennt viðurlag. Skv. 69. gr. stjr. má aðeins beita refsingu að háttsemi sé refsiverð skv. **LÖGUM**
- Áður fyrr var kveðið á um fresti vegna framtals-skila í lögum. Svo er ekki nú
 - Hin refsikennda háttsemi er því ekki lengur lögmælt
- Vegna þessa má velta fyrir sér hvort heimildin til að beita álagi hafi fullnægjandi lagastoð

Af mati umboðsmanns orkar það tvímælis ...

Fréttablaðið, | 21. júl. 2007 03:13

Bannað að refsa þeim sem skila ekki framtali



Skattframtölum skilað þúsundir Íslendinga sleppa því að skila skattframtali sínu.

Umboðsmaður Alþingis segir að ekki séu nægilega skýrar forsendur fyrir því að tuttugu prósentu tekjuálag sé lagt á þá sem skila ekki skattframtali. Þetta kemur fram í álitu frá 13. júlí síðastliðnum. „Við tökum þetta auðvitað mjög alvarlega og munum fara yfir þetta,” segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Ef skattgreiðandi skilar ekki inn skattframtali tímanlega er skattur á hann áætlaður,

samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir hjá Ríkisskattstjóra.

„Þá eru teknar saman allar þær helstu upplýsingar sem menn hafa um viðkomandi, launamiðar, upplýsingar um staðgreiðslu á hugsanlegum virðisaukaskatti og aðrar upplýsingar sem kynnu að vera fyrir hendi,” segir Skúli. „Af varfærnisþjórnarmíðum er áætlunin hækkuð um tuttugu prósent.”

Tæplega fimmtán þúsund skattgreiðendur skiluðu ekki inn framtali í vor, tæplega sex prósent af framteljendum.

„Verkefni skattstjóra er að ná til þessa hóps,” segir Skúli. „Það er hægt að gera með ýmsum hætti. Þegar ekki var komið framtal frá stórum hópi í vor var sendur tölvupóstur til þeirra sem höfðu opnað framtalið sitt á netinu en ekki lokið við það. Það eru miklir hagsmunir fyrir fólk að telja fram á réttum tíma.”

Skúli segir hugmyndir uppi um að skrifa þeim bréf sem ekki hafa skilað framtali eða hafa samband við þá á annan hátt. „Við þurfum að kanna hvort hægt sé að veita betri þjónustu, það kunna að vera einstaklingsbundnar aðstæður sem valda þessu,” segir Skúli.

Skattyfirvöld fallast á að endurskoða málið. **Lítið sem ekkert hefur þó gerst**



Skúli Eggert Þórðarson

Skúli telur ekki að tekjumiðir yrði af því ef hætt yrði að innheimta tuttugu prósentu álag. „Margir þeirra sem lenda í áætlun koma sér í skil eftir að álagningu lýkur. Það er tiltölulega lítil hópur sem borgar áætlunina.”

Umboðsmaður hvetur einnig til þess að Ríkisskattstjóri minni skattstjóra landsins á að þeim beri að fara sjálfir yfir hverja einustu tillögu að áætlun með það fyrir augum að meta hana eftir aðstæðum hvers landshluta.

„Það er auðvitað þeirra að áætla og þeir þurfa að fara yfir þetta betur,” segir Skúli. „Þessum tilmælum hefur alltaf verið beint til skattstjóra og ég veit ekki annað en að þeir geri þetta.” Í einhverjum tilvikum valdi þó tímaskortur því að treyst sé of mikið á vélrænar áætlanir, að sögn Skúla.

Álagningarskoðun

- Núorðið telja flestir fram rafrænt eins og það er kallað. Þegar framtal hefur borist ríkisskatt-stjóra er gerð á því ákveðin grunnskoðun
- Kannað er hvort framtaldar upplýsingar séu réttar, tilgreindar tekjur og gjöld, eignir og skuldir í réttum reitum o. fl.
- Þessi grunnskoðun skiptir skattaðila verulegu máli. Innihaldi framtalið atriði sem ríkisskatt-stjóri veit að eru röng eða ekki sannleikanum samkvæmt og hann leiðréttir þau ekki ...

Framtalsárið 2018 vegna 2017

- ...taldi Karol fram 6.000.000 kr. hagnað af sölu hluta bréfa í Actavis
- Þar sem Karol öðlaðist skattskyldu eftir upphaf ársins þurfti ríkisskattstjóri að handreikna álagningu hennar
- Við það verk urðu honum á þau mistök að slá óvart inn hagnað að fjárhæð 600.000 kr. í stað 6.000.0000 kr.
- Myndirðu telja að ríkisskattstjóri hafi heimild til að endur ákvarða skatta Karol og gera henni 1.320.000 kr. skatt í stað 132.000 kr. skatt
- Í dag er 2020 og takmarkast endurákvörðunarrétturinn því við árin 2019 og 2018. Karol er því laus allra mála

Álagning tekjuskatts

- Þegar framtalsfrestur er liðinn skal ríkisskattstjóri leggja tekjuskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans, sbr. 95. gr. TSL
 - Muna regluna um takmarkaðan breytingarrétt skattstjóra
- Venjulega er lagt á einstaklinga í lok maí (30. maí) og lögaðila í lok október (30. okt.). ATH
- **Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir**
- Jafnframt skal ríkisskattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrá liggi frammi
 - Þetta er nauðsynlegt vegna kæru skattákvörðunar

Ekki talið fram. Afleiðingar

- Eins og áður segir er skylt að telja fram og er reynt að stuðla að því með ýmsum hætti
 - Álagi vegna síðbúinna framtalsskila, sbr. 1. mgr. 108. gr. TSL - Orkar þó tvímælis í dag
 - Telja fram fyrir hlutaðeigandi ...
 - Gera vanræksluna refsiverða, sjá 2. mgr. 109. gr. TSL - Lítið notað í reynd
- Gagni ekkert af þessu verður að áætla hlutaðeigandi tekjuskattsstofn og leggja á hann samkvæmt því, sjá 2. mgr. 95. gr. TSL

Áætlun ríkisskattstjóra

- Ef ekki er talið fram ber ríkisskattstjóra **skylda til** að áætla tekjuskattsstofna. Skv. því á ríkisskatt-stjóri ekkert val. **Hann verður að áætla**
- Um þessa áætlun er að finna ákvæði í 2. mgr. 95. gr. TSL. **Skv. því ber að áætla tekjur svo ríflega að ekki sé hætt á að þær séu ákveðnar lægri en þær eru í raun**
- Ríkisskattstjóri hefur þó síður en svo frjálsar hend-ur við áætlunina. Þannig er hann bundinn af meðalhófsreglu stjórn-sýslulaga við ákvörðun sína. **Honum ber semsé að gæta hófs**

Siggi

- Árið 2020 taldi Siggi ekki fram vegna 2019. Samkvæmt staðgreiðsluskrá var Siggi í vinnu allt árið og hafði 4 millj. í tekjur
- Eru það 10% hærri tekjur en í fyrra. Skv. lögum hefur ríkisskattstjóri heimild til að áætla tekju-skattsstofn Sigga. Við það verk skal hann gæta þess að tekjuskattsstofn hans sé örugglega ekki lægri en afla tekjur hans
- Nú liggur fyrir að ríkisskattstjóri áætlaði 10 millj. tekjuskattsstofn hjá Sigga. Samræmist það meðalhófsreglunni að þínu mati?


Áætlánir

- ættu að heyra til undantekninga

Á hverju ári eru ávallt þó nokkrir sem skila ekki skattframtali á tilsettum tíma eins og þeim ber lögum samkvæmt. Skattstjórnar áætla tekjur þeirra og leggja á þá skatta og gjöld.



Allt frá árinu 1994 hafa æ fleiri gjaldendur trassað að skila framtali og hefur þessi þróun verið sérstaklega hröð frá árinu 1998 en þá fengu 3,9 af hundraði áætlun. Á milli áráanna 1998 og 1999 fjölgaði þeim um 48,5%, en allt frá árinu 2000 hefur hlutfall áætlaðra verið rétt um 6,5%. Við álagningu 2007 á tekjur ársins 2006 áætl



Kæra skattákvörðunar, sbr. lög nr. 124/2015

- **ÁLAGNING** tekjuskatts er stjórnvaldsákvörðun. Slíkar ákvarðanir eru jafnan kæranlegar
- Um kæru álagningar eru ákvæði í 1. mgr. 99. gr. TSL. **Skv. nefndu ákvæði er kærufrestur 90 dagar frá DAGSETNINGU** auglýsingar ríkis-skattstjóra um lok álagningar
- Senda verður kæru innan frestsins. Í ár lauk álagningu 30. júní. Til að kæra innan frestsins verður því að póstleggja kærana í síðasta lagi 31. ágúst. Ath. útreikning kærufrests

Auglýsingar

2019 2018 2017 ►

Auglýsing ríkisskattstjóra um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2019

31.5.2019

Álagningu opinberra gjalda á árinu 2019 er lokið á þá einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt l. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Álagningar- og innheimtuseðlar eru aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra; www.rsk.is og www.skattur.is 

Álagningarskrár, sem sýna álagða skatta á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum fyrir hvert sveitarfélag dagana 19. ágúst til 2. september 2019 að báðum dögum meðtöldum.

Kærufresti vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur mánudaginn 2. september 2019.

Auglýsing þessi er birt, skv. 98. gr. ofangreindra laga.

Reykjavík 31. maí 2019

Snorri Olsen
ríkisskattstjóri

Auglýsingar

[2018](#)[2017](#)[2016](#)

Auglýsing ríkisskattstjóra um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2018

Álagningu opinberra gjalda á árinu 2018, sem og ákvörðun vaxta- og barnabóta, er lokið vegna þeirra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Álagningar- og innheimtuseðlar eru aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra; www.rsk.is og www.skattur.is

Álagningarskrár, sem sýna álagða skatta á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum fyrir hvert sveitarfélag dagana 31. maí til 14. júní 2018 að báðum dögum meðtöldum.

Kærufresti vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur föstudaginn 31. ágúst 2018.

Auglýsing þessi er birt, skv. 98. gr. ofangreindra laga.

Reykjavík 31. maí 2018

Ingvar J Rögnvaldsson
ríkisskattstjóri

Afleiðingar síðbúinnar kæru

- Ef kært er eftir lok kærufrests er kæru **vísað frá**. Það þýðir að hún fær ekki efnislega úrlausn
- Þar með er ekki sagt að allar dyr séu lokaðar. Hugsanlega er nefnilega unnt að rita RSK og biðja um úrlausn á grundvelli 2. mgr. 101. gr. TSL. **ATH. ÞETTA ER EKKI SJÁLFKRAFA RÉTTUR**
- Ríkisskattstjóri er skyldur að úrskurða kæru innan **tveggja mánaða** frá lokum kærufrests. Algengt er hins vegar að niðurstöður liggi ekki fyrir fyrr en í des/jan

Áfrýjun kæruúrskurðar

- Skv. stjórnsýslulögum eru kærustigin jafnan tvö. Þannig hefur þessu ávallt verið farið skv. skattalögum
- Kæru ríkisskattstjóra má því áfrýja til yfirskatta-nefndar, áður ríkisskattanefndar
- Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan skattstjórnsýslunnar
- Niðurstöður yfirskattanefndar eru því **bindandi** fyrir skattyfirvöld. RSK er því skylt að fara eftir úrskurðum hennar

Álagningarskrá

- Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið álagningu á skatt aðila skal hann semja og leggja fram til **sýnis** eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. **álagningarskrá** fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum
- Framlagning álagningarskrár sætir jafnan gagnrýni. Þannig er því haldið fram að framlagningin gefi óviðkomandi aðilum kost á að kynna sér viðkvæm einkamálefni manna. **Hvað finnst þér um það?**

Hvað segja blöðin?

Fjárhagsmálefni einstaklinga geta verið viðkvæm.

Birting skattskráa á ekki rétt á sér

Björgvin Guðmundsson

Í Fréttablaðinu á laugardaginn sagði Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar, að það væri sín tilfinning að almenningur væri hlynntur því að birta upplýsingar úr álagningarskrá, þar sem meðal annars er upplýst um launagreiðslur einstaklinga. „Vísbending um það er kannski salan á okkar blaði sem er vel á annan tug þúsunda eintaka,“ sagði Jón við þetta tilefni.

Nú skiptir það í sjálfu sér litlu máli hvort fólk er þessu almennt sammála eða ekki. Þetta snýst um rétt hvers einstaklings til að vera í friði með sín persónulegu mál. Upplýsingarnar ættu að njóta verndar stjórnarskrárinnar, sem kveður á um friðhelgi einkalífs, og laga um þagmælsku skattyfirvalda. Þá skiptir ekki máli hvort 100 eða 100 þúsund vilji brjóta á þessum rétti. Einstaklingurinn á að njóta verndar gegn ofríki meirihlutans í þessum efnum.

Fjárhagsmál einstaklingsins eru hans privátmál og oft mjög viðkvæmt. Af hverju á hver sem er að geta aflað sér upplýsinga um þau mál ef honum sýnist á skrifstofum skattstjóra landsins? Þetta eru upplýsingar sem hver og einn er neyddur til að láta af hendi. Fáir myndu gera það af fúsum og frjálsum vilja.

Til að hafa það á hreinu er auðvit að öllum frjálst að láta upplýsingar um skatt- og launagreiðslur sínar af hendi og prenta í blaði Jóns G. Haukssonar ef þeim sýnist svo. Það getur líka verið krafa hluthafa í skráðum fyrirtækjum að stjórnendur þess upplýsi um kjör sín og hlunnindi. En þá ganga menn að slíkum samningnum af fúsum og frjálsum vilja. Þeir eru ekki neyddir til þess. Kjósi þeir að hafa þessi mál í myrkrinu eiga þeir þess kost að hafna starfinu. Enginn á þess kost að hafna því að skila skattskýrslu til skattstjóra.

Þetta snýst um rétt hvers einstaklings til að vera í friði með sín persónulegu mál. Upplýsingarnar ættu að njóta verndar stjórnarskrárinnar, sem

Skuli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri hefur tjáð sig um birtingu persónuupplýsinga í álagningar- og skattskrár: „Út frá sjónarhóli heiðarlegs skattgreiðanda er birting slíkra upplýsinga að engu leyti athugunarverð. Þvert á móti er honum gefinn kostur á því að fylgjast með hvað samborgarar hans þurfa að greiða til samfélagsins. Hinn heiðarlegi skattgreiðandi á ekki að þurfa að sæta því að gjöld hans verði hærri en þau þurfa að vera vegna skattsvika sem fengju þrífist í skjóli leyndar sem gerði skattsvikumur kleift að dylja fyrir samborgurum sínum hve óheiðarlegir þeir séu.“

Með sömu rökum hlýtur Skúli að vera fylgjandi því að birta lista yfir alla einstaklinga sem þiggja bætur frá ríkinu. Jafnframt ætti hann að vera fylgjandi því að birta lista yfir hæstu bótaþegana í fjölmiðlum. Þannig gæti „hinn heiðarlegi skattgreiðandi“ fylgst með að hann væri ekki að greiða of mikið til samfélagsins vegna þess að einhverjir bótaþegar væru að svíkja út greiðslur. Hér skipta hagsmunir einstaklingsins ekki máli heldur heildarinnar.

Það er óhugsandi að forsenda fyrir skilvirku skattaeftirliti sé eftirlit almennings með samborgurum sínum. Hversu ógeðfellt er sú hugsun Skúla Eggerts Þórðarsonar að gera alla Íslendinga að litlum njósnurum skattyfirvalda svo þeir geti tilkynnt um hugsanleg skattsvik samborgara sinna? Skúli Eggert Þórðarson berst fyrir hagsmunum kerfisins þótt það brjóti á réttindum einstaklinga. Hann réttlætir brotið með tilvísun til hagsmuna heildarinnar eða ríkisins. Kommúnistar og nasistar réttlættu sín brot með svipuðum hætti á síðustu öld. Ekki er ég að ýja að því að ríkisskattstjóri aðhyllist þá hugmyndafræði heldur hve hættulegt það er þegar ríkishagsmunir eru settir ofar hagsmunum einstaklinganna.

Sem betur fer hefur fólk mikla trú á starfsmönnum skattyfirvalda enda sérþjálfað fagfólk sem sinnir starfi sínu vel. Það hefur aðgang að öllum upplýsingum og þekkingu til að greina hvenær gjaldendur svíkja undan skatti. Aðrir hafa hvorki þær upplýsingar né geta krafist þeirra eins og eftirlitstofnanir ríkisins. Með þekkingu, reynslu og rannsóknarheimildir að vopni eiga embætti skattyfirvalda að tryggja eðlilegar skattgreiðslur einstaklinga. Það eftirlit á ekki að vera í höndum borgaranna sjálfra. Það hefur heldur ekki verið sýnt fram á að skattsvik séu greinilega minni í þeim löndum sem birta þessar upplýsingar en í löndum sem gera það ekki. Í dönskum lögum til dæmis er kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga. Það er ekki hægt að rökstyðja brot á friðhelgi einkalífs allra Íslendinga vegna skattsvika farrá. Það eiga Jón G. Hauksson og Skúli Eggert Þórðarson að vita.

kveður á um friðhelgi einkalífs, og laga um þagmælsku skattyfirvalda. Þá skiptir ekki máli hvort 100 eða 100 þúsund vilji brjóta á þessum rétti. Einstaklingurinn á að njóta verndar gegn ofríki meirihlutans í þessum efnum.

Baráttumaðurinn

Borgar Þór Einarsson

varð á í messunni eða hvað

- B höfðaði mál og krafðist viðurkenningar á því að skattstjóra væri óheimilt, þrátt fyrir ákvæði í 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, að leggja fram til sýnis álagningarskrá þar sem tilgreindir væru þeir skattar sem á hann hefðu verið lagðir samkvæmt lögum um tekjuskatt
- Með því fengi almenningur aðgang að upplýsingum, sem af mætti ráða hvaða tekjur hann hafi haft á viðkomandi skattári. **Taldi B að með þessu væri vegið að friðhelgi einkalífs hans og að ákvæðið færi meðal annars í bága við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar**
- Í dómi Hæstaréttar kemur fram að í álagningarskrám eftir fyrirmælum 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, væri **ekki aðeins** að finna upplýsingar um fjárhæð einstakra tegunda skatta, sem lagðir væru á hvern gjaldanda á grundvelli þeirra laga, heldur jafnframt um fjárhæð skatta og gjalda samkvæmt öðrum lögum, þar á meðal útsvar, sem lagt væri á eftir ákvæðum IV. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Af álagningu síðastnefnda skattsins yrði framfar öðru ráðið hverjar tekjur gjaldanda hafi verið á skattári
- Þótt krafa B yrði tekin til greina yrði ekki með því girt fyrir að ríkisskattstjóri legði eftir sem áður fram álagningarskrá, þar sem aðeins yrði sleppt upplýsingum um skatta, sem lagðir yrði á B samkvæmt lögum nr. 90/2003. Með því hefði almenningur eftir sem áður aðgang að þeim upplýsingum, sem B leitaðist við að koma í veg fyrir með máli þessu
- Taldi Hæstiréttur því að dómkrafa B fæli eingöngu í sér að leitað væri álits dómstóla um **lögfræði-legt efni**, sem veitti ekki úrlausn um réttindi hans, sem málsókninni væri ætlað að tryggja, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af slíkri úrlausn hefði B ekki lögvarða hagsmuni og væri því óhjákvæmilegt að vísa málinu af sjálfsdáðum frá héraðsdómi



Forsiða tekjublaðs Frjálsrar verslunar, sem kemur út á þriðjudag.

MYND/MYLLUSETUR

Tekjublað Frjálsrar verslunar, þar sem útlistaðar verða tekjur tekjuhæstu Íslendinganna, kemur út þriðjudaginn næsta, 20. ágúst en gögn frá ríkisskattstjóra verða birt degi áður 19. ágúst. Útgefandinn Myllusetur, sem einnig gefur út Viðskiptablaðið, keypti Frjálsa verslun 2017 og stendur því fyrir útgáfunni.

Samdægurs mun annað tekjublað, tekjublað DV, koma út.

Í blaðinu, sem kemur út árlega, verða tekjur 3.725 Íslendinga birtar. Venju samkvæmt verður einstaklingum flokkað eftir starfsstéttum og að sögn Trausta Hafliðasonar, ritstjóra Viðskiptablaðsins verður bætt við nýjum flokkum í tölublaði ársins.

Iðulega hefur Tekjublaðið komið út fyrr á árinu en skömmu fyrir fyrirhugaða útgáfu blaðsins 1. júní síðastliðinn var útgáfu álagningarskráa frestað til 19. ágúst. Breytingar hafa verið gerðar á gögnum sem birtast í álagningarskrá en Trausti sér ekki fram á að breytingarnar muni hafa mikil áhrif á útgáfu blaðsins.

Undir lok síðasta árs skapaðist mikil umtal um vefsíðuna Tekjur.is sem bauð upp á aðgang að upplýsingum um tekjur Íslendinga, gegn greiðslu, unnum upp úr skattskýrslum. Vefnum var hleypt af stokkunum í október en í lok nóvember tilkynnti Persónuvernd stjórnendum vefsíðunnar að birting þeirra á tekjum upp úr skattskrám væri óheimil. Var síðunni í kjölfarið lokað.

Aðspurður segir Trausti að umtalið og úrskurðirnir í kringum vefsíðuna Tekjur.is hafi engin áhrif haft á tekjublað Frjálsrar Verslunar sem kemur út næsta þriðjudag. [Persónuvernd vísaði í fyrra frá kvörtunum tveggja einstaklinga](#) sem kvörtuðu undan birtingu tekna sinna í tekjublöðum Frjálsrar verslunar og DV árið 2017.

Ákvörðun Persónuverndar í málunum tveimur byggði svo á því að samkvæmt persónuverndarlögum falli vinnsla, sem einvörðungu fer fram í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, utan ramma flestra ákvæða laga um verkefni Persónuverndar.

Já og nei menn

Með



Jón G. Hauksson, fyrrverandi ritstjóri Frjálsrar verslunar

Ég er hægra megin í öllu saman en þegar maður horfir á hagfræðina, frjálsan markað og verðmyndun þá byggir það mjög mikið á upplýsingaflæði. Það á eins við launamarkað og vinnumarkað. Laun eru verðmiði og til þess að vita hvað verðmiðinn er hár þarftu að vita hvernig launin eru. Ég gaf út tekjublöð í áratugi og þau voru hugsuð sem framlag til markaðarins. Við litum á þetta sem vinnumálaplagg enda eru þetta bestu upplýsingarnar sem hægt er að fá um vinnumarkað á Íslandi. Ritið er notað alveg út í eitt við mannaráðningar í stjórnunarstöðum og fleira þar sem tekjublöðin hjálpa við að setja verðmiða á vinnuna.

-
*

Á móti



Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Það eru ýmis persónuverndar- og friðhelgisjónarmið í gangi í umræðunni og ég velti fyrir mér hvers vegna það gildir ekki um þetta. Birting álagningarskráa er gamalt fyrirbæri, frá því þegar það var ekki sama eftirlit með fólki og í dag. Þá var þetta birt svo hægt væri að benda á að þessi maður keyrir á fínun bíl og á fínar eignir en er ekki með miklar tekjur. Síðan þá hafa persónuverndarsjónarmiðin breyst sem og löggjöfin, en samt fær þetta alltaf að halda sér. Þetta er stílbrot miðað við annað sem er í gangi. En Íslendingar munu aldrei sætta sig við að fá ekki að vita hvað aðrir eru með í tekjur, þetta er eitthvað sálrænt.

Heimilt að birta skrána en óvíst með aðferðina

Jóhann Óli Elísson skrifar 13. október 2018 07:15

Líkar þetta 0



Síðan sýnir laun landsmanna árið 2016.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Til skoðunar er bæði hjá Persónuvernd (PSV) og Ríkisskattstjóra (RSK) hvort vefsíða sem birtir upplýsingar um laun landsmanna starfi í samræmi við lög og reglur. Samkvæmt lögum um tekjuskatt er heimilt að birta opinberlega upplýsingar úr skattskrá svo og gefa þær út í heild eða að hluta. Ekki liggur hins vegar fyrir hvort hver sem er hafi þá heimild.

Vefsíðan tekjur.is fór í loftið í gær en þar er hægt að fletta upp upplýsingum um laun allra Íslendinga, sem náð hafa fjárræðisaldri, fyrir árið 2016. Upplýsingarnar á síðunni byggjast ekki á álagningarskrá RSK heldur skattskrá en hún inniheldur álagðan tekjuskatt hvers gjaldanda eftir að leyst hefur verið úr öllum kærnum sem berast vegna álagningarskrár. Upplýsingarnar á síðunni sýna því ekki tekjur síðasta árs heldur ársins 2016.

*

„Þetta kom okkur jafn mikið á óvart og flestum öðrum. Þetta er ekki á vegum RSK og okkur algjörlega óviðkomandi,“ segir Snorri Olsen ríkisskattstjóri. Hann segir að starfsfólk stofnunarinnar hafi fengið fregnir af málinu í fjölmiðlum líkt og flestir aðrir.

Aðspurður hvort vinnsla sem þessi úr skattskrá sé heimil segir Snorri að það sé í skoðun. Það liggir fyrir í tekjuskattslögum að opinber birting á upplýsingum um álagða skatta samkvæmt skattskrá sé heimil en ekki liggir ljóst fyrir hvort hver sem er hafi þá heimild. Þá þurfi einnig að skoða málið í samhengi við nýju persónuverndarlögin, GDPR, sem tóku gildi á árinu. Að auki þurfi að skoða birtingarháttinn en netið var ekki í huga þingsins árið 1984 þegar löginn voru sett.

Mál er varða birtingu álagningar- og skattskrár hafa bæði ratað til eftirlitsstofnana sem og dómstóla. Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 1995 kom meðal annars fram að „ótvírætt og óumdeilt“ væri að heimilt væri að birta upplýsingar úr skattskrá. Aðrar reglur giltu hins vegar um álagningarskrár. Árið 2013 komst PSV síðan að þeirri niðurstöðu að CreditInfo væri óheimilt að afrita upplýsingar úr skattskrá með það að markmiði að selja áskrifendum sínum upplýsingarnar. Í gegnum tíðina hafa skattskrár síðan verið gefnar út á bókarmóti en téðir útgefendur hafa getað farið til RSK, fengið skrána afhenta, afritað hana og gefið út.



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

„Við höfum fengið ábendingar um þessa síðu og er kunnugt um hana. Það er í lögum heimild til að gefa skattskrána út í heild sinni en spurningin er hvort ljóst sé hver hefur þá heimild. Það þurfa að vera til staðar skýrar heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri PSV.

Félagið Viskubrunnur ehf. stendur að baki síðunni en félagið var upphaflega í eigu KPMG Legal, dótturfyrirtækis KPMG. Í svari frá fyrirtækinu segir að KPMG stofni félög og selji þau viðskiptavinum og Viskubrunnur sé slíkt félag. Eftir að söluna beri KPMG enga ábyrgð.

Fréttablaðið reyndi ítrekað að ná í Jón Ragnar Arnarson, stjórnarmann Viskubrunns og starfsmann A4, og Viði Pétursson, varamann í stjórn, prókúruhafa félagsins og útgefanda þingeyksa miðilsins Skarps, bæði í síma og með tölvupósti. Engin svör fengust.

Taldi tekjublöð ala á „neikvæðni og öfund“

© 14.10.2018 - 16:00 Fjölmiðlar · Innlent



Mynd: Anton Brink - Ruv.is

Persónuvernd vísaði í vikunni frá tveimur kvörtunum vegna tekjublaða DV og Frjálsrar verslunar. Stofnunin taldi að vinnsla sem fram færi í þágu fréttamennsku, bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi félli utan ramma flestra ákvæða persónuverndarlaga. Það væri dómstóla að ákveða hvort það væri misnotkun á tjáningarfrelsinu að gefa út slík tekjublöð.

Önnur kvörtunin sneri að báðum tekjublöðunum. Þar kemur fram að þær áætluðu tekjur sem birtist í blöðunum séu í mörgum tilfellum rangar.

Með því að tilgreina starfsheiti og vinnustað væri ýjað að því að viðkomandi fái þessi laun fyrir þá vinnu. Einhverjir kunni að hafa tekjur af öðru en aðalstarfi sínu. Þá taldi sá sem kvartaði útgáfuna ala á neikvæðni og öfund og skapa gjá á milli þjóðfélagshópa. Fyrir lægi að DV og útgáfufélag Frjálsrar verslunar nýti sér upplýsingar úr álagningarskrá í viðskiptalegum tilgangi „og einungis í því skyni að selja blöð sín í meira mæli.“



FREYR GÍGJA GUNNARSSON
Fréttastofa RÚV

[Senda skilaboð](#)



Með því að tilgreina starfsheiti og vinnustað væri ýjað að því að viðkomandi fái þessi laun fyrir þá vinnu. Einhverjir kunni að hafa tekjur af öðru en aðalstarfi sínu. Þá taldi sá sem kvartaði útgáfuna ala á neikvæðni og öfund og skapa gjá á milli þjóðfélagshópa. Fyrir lægi að DV og útgáfufélag Frjálsrar verslunar nýti sér upplýsingar úr álagningarskrá í viðskiptalegum tilgangi „og einungis í því skyni að selja blöð sín í meira mæli.“

Hin kvörtunin var eingöngu vegna tekjublaðs Frjálsrar verslunar. Sá sem kvartaði taldi að þær upplýsingar sem birtust í blaðinu væru villandi og algjörlega óhæfar í þeirri mynd sem þær birtust í blaðinu. Gefið væri í skyn að hann væri í launuðu starfi hjá félagi þar sem kveðið væri skýrt á um það í lögum að stjórnarmenn fái ekki laun fyrir störf sín.

Viðkomandi taldi reyndar að verið væri að birta upplýsingar um hann í annarlegum tilgangi, gagngert til að hrekja hann frá störfum fyrir félagið. „Mikilvægt sé fyrir félög sem hafi engan annan tilgang en að bæta samfélagið án þess að hafa starfsmann á launum, að friðhelgi forsvarsmanna þeirra sé tryggð með öllum ráðum.“

Í svari frá forsvarsmönnum Frjálsrar verslunar sagði að notkun þessara upplýsinga stuðli að umræðu um skattamál. Þannig hafi þrjár af tíu mest lesnu fréttunum á vef mbl.is verið um skattamál og tvær þeirra vísað til tekjublaðs Frjálsrar verslunar. Af átta mest lesnu fréttunum á vísir.is hafi þrjár verið um skattamál og allar vísað til tekjublaðsins. Birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild væri því til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattayfirvöldum virkt aðhald.

Í svari DV sagði að löggjafinn hafi metið það svo að hagsmunir almennings af því að fá að kynna sér álagða skatta á samborgara sína væru brýnni en hagsmunir sérhvers gjaldenda af því að ekki yrði upplýst um þá skatta sem á hann væru lagðir.

Persónuvernd hafa borist nýu erindi vegna tekjuvefsins Tekjur.is. Á vefnum er fólki boðið að fletta upp tekjum hvers sem er gegn gjaldi. Ríkisskattstjóri sagði í fréttum RÚV að verið væri að athuga hvort þetta birtingarform væri löglegt. Þá hefur Björgvin Guðmundsson, einn eigenda ráðgjafafyrirtækisins KOM, fengið umboð frá einum þeirra sem var á „hákarlista“ ríkisskattstjóra til að gæta hagsmuna sinna gagnvart stjórnvöldum vegna birtingar listans.

Ég vil opið þjóðfélag

Allt upp á borðið er mín kenning
bæði skattúrskurðir og skatta/opinber gjöld

Mismunandi er eftir ríkjum hversu auðvelt er að komast að því hvað menn greiða í skatta. Í Svíþjóð er þessu fyrirkomið eins og hér. Í Noregi er álagningarskráin hins vegar algerlega opin. Það eina sem þú þarft að vita er nafnnúmer hlutaðeigandi aðila



The screenshot shows the search interface of the Norwegian tax authority website (SKATTELISTER.NO). The main heading is "Søk i SKATTELISTER.NO" with a magnifying glass icon. Below this is a search bar labeled "PERSONSØK" with a "Søk" button. At the bottom, there are filters for "TOPPLISTENE", "Postnr." (Postcode), "Fødselsår" (Year of birth), and "Fylke" (County), each with a "Vis" (Show) button. The "Fylke" dropdown is currently set to "Hele Norge" (All of Norway).



LANGET UT: Under et foredrag i Bergen mente Olav Thon at nordmenn har for dårlig arbeidsmoral.

SARA JOHANNESSEN VG

Olav Thon mener nordmenn har dårlig arbeidsmoral

Norges nest rikeste mann tar et oppgjør med Norge og det han mener er dårlig arbeidsmoral blant befolkningen.

JOBB

E24

Publisert: 20.09.2012 13:53, Oppdatert: 20.09.2012 13:53

Mangemilliardær Olav Thon (89) holdt foredrag for studenter på Handelshøyskolen BI i Bergen onsdag kveld. Der tok han et kraftig oppgjør med arbeidsmoralen i den norske befolkningen.

Under foredraget viste Thon til at sykefraværet i Norge gikk ned under finanskrisen, men at det går i motsatt retning når det er gode tider, skriver NRK.

Dårlig arbeidsmoral, mener mangemilliardæren.

annonser fra google

Vinna i Noregi?

Okeypis upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar
www.norden.org

Work in Statoil?

Are you ready to rethink the energy business? We need engineers!
www.statoil.com

Online Trading

Plus500®: worldwide stock trading. No Fees, Free demo account!
www.Plus500.is

Her er Norges 100 største skattebetalere i fjor:

Navn	Inntekt	Formue	Skatt
Olav Thon	80 197 863	9 665 954 273 -	139 150 426 -
Trond Mohn	311 576 377	4 213 781 149 -	133 770 592 -
Johan Henrik Andresen	11 070 402	11 130 356 860 -	125 799 496 -
Kjell Inge Røkke	0	7 903 721 212 -	87 352 148 -
Christian Ringnes	155 649 061	265 113 245 -	47 517 097 -
Svein Støle	10 645 024	3 658 460 861 -	43 287 786 -
Hans Peter Jebsen	0	3 764 012 004 -	41 856 034 -
Tore Myrholt	111 059 059	121 252 847 -	40 894 971 -
Gustav Magnar Witzøe	49 445 075	2 456 969 923 -	40 851 382 -
Helge Eide Knudsen	34 678 226	2 796 036 350 -	40 466 597 -
Simen Vier Simensen	108 738 137	220 190 508 -	38 614 464 -
Einar Aas	90 478 232	1 000 059 752 -	36 314 654 -
Arnold Valdemar Sollund	142 276 820	131 022 341 -	36 268 414 -
Arne Henrik Evensen	142 317 824	106 365 564 -	36 087 403 -
Hugo Lund Maurstad	116 895 733	220 678 952 -	35 690 753 -
Frederik Wilhelm Mohn	0	3 178 459 110 -	35 274 764 -
Arvid Otto Hansen	137 008 841	139 976 105 -	35 078 363 -
Leif Ovesøn Høegh	1 803 560	3 087 238 456 -	34 609 477 -
Christen Sveaas	82 989 881	978 621 299 -	34 002 628 -
Rannfrid Rasmussen	12 612 806	2 468 772 914 -	30 653 484 -
Magnus Engevik	90 894 472	86 081 059 -	26 377 436 -
Odd Reitan	35 302 121	1 445 721 751 -	26 079 732 -
Alf Egil Bogen	52 229 076	61 689 279 -	25 069 662 -
Alf Christian Thorkildsen	51 292 402	60 450 413 -	25 051 438 -
Vegard Wollan	51 172 649	107 903 850 -	25 049 870 -

„Þú átt að geta séð hver skoðar upplýsingar um þig“



Siv Jensen, fjármálaráðherra Noregs. SCANPIX NORWAY

Norska ríkisstjórnin hefur nú gert breytingar á birtingu álagningaskráa. Á vef skattayfirvalda verður áfram hægt að leita að og skoða skattaupplýsingar um alla einstaklinga en nú getur þú fengið að vita hver hefur leitað að upplýsingum um þig.

Siv Jensen, fjármálaráðherra, segir breytinguna af hinu góða og komi í veg fyrir að fólk sé að snuðra í einkamálum annarra. „Þú ættir ekki að þurfa að skoða skattaupplýsingar nágranna þíns eða vina. En ef þú endilega vilt vita hverjar tekjur þeirra eru, þá átt þú líka að geta horft í augun á fólki og viðurkennt að þú hafir

skoðað upplýsingarnar,” segir Jensen í samtali við [Verdens gang](#).

„Ég sem fjármálaráðherra er opinber persóna og því eðlilegt að fólk vilji fletta mér upp. En mér finnst ekki að venjulegt fólk þurfi að sæta sömu meðferð,” bætir hún við.

Hún segir að nafnlausar leitir í álagningaskrá hafi neikvæð áhrif, sérstaklega á lítil samfélög þar sem allir þekkjast. „Ef þú kemur frá efnalítilli fjölskyldu og bekkjarfélagar komast að því undir nafnleynd, þá getur það til dæmis leitt til eineltis eða stríðni,” segir Jensen.

Danir eru líka að byrja að opna sig ...

Vil du se min skattebetaling?

06:00, 23. dec 2012 | Camilla Cornelius

106
Kommentarer
[Kommentér
artiklen her!](#)

 3
[Anbefal](#)

0
[Tweet](#)


[Del på
Messenger!](#)

[Print ud](#)


[Send artikel](#)

I DENNE UGE kom Danmark et lille skridt nærmere et mere retfærdigt samfund. For første gang blev virksomhedernes skattebetaling lagt åbent frem, naturligvis under voldsomme protester fra erhvervslivet, der stort set sammenlignede de åbne skattelister med jordens undergang. Men nu gik jorden som bekendt ikke under fredag, og dansk erhvervsliv overlevede mig bekendt også.

Det, vi nu kan se, er, at de syv virksomheder, der betaler mest, står for over en tredjedel af den samlede skattebetaling. Blandt dem finder vi Shell, A.P. Møller, Novo Nordisk og Lego – men ikke Danmarks største bank, Danske Bank.

DEN NYE ÅBENHED gør også, at vi fik bekræftet, at den verdensomspændende internetvirksomhed Google snylter på vores velfærd. Google betaler kun 2,2 promille i skat – ja, du læste rigtigt – af en omsætning her i landet på 1,6 milliarder kroner.

Alene det burde få politikerne til at lave loven om omgående, fordi de jo godt ved, at Google betaler endnu mindre i skat i de andre europæiske lande. Men det er ikke kun Google, der er problemet.

Kun hver tredje danske virksomhed betaler rent faktisk skat, og den samlede selskabs-skattebetaling er de seneste syv år styrtdykket fra ca. 70 milliarder i 2006 til nu 40 milliarder kr.

Det er tal, der burde få enhver politiker til at spørge sig selv, om der ikke er noget helt galt med vores skattelov.

ann

D
K

Ov

Se
Pov

Se

Ov
St

Ma

201

St

St

Mega fela tekjur fyrir fjölmiðlum



Ilkka Paananen, stofandi og forstjóri snjallleikjafyrirtækisins Supercell, er tekjuhæsti Finninn. *Twitter*



Setja bókamerki


Ágreiningur er orðið sem lýsir best umræðunni um tekjur og skatta í Finnlandi í dag því í stað þess að upplýsingar um tekjur þeirra tekjuhæstu séu birtar opinberlega líkt og hefð er fyrir hafa þeir tekjuhæstu heimild til þess að losna undan kastljósi fjölmiðla.

Hingað til hefur listi yfir þá einstaklinga sem eru með 100 þúsund evrur eða meira í tekjur verið sendur til fjölmiðla til birtingar. Í Finnlandi hefur dagurinn oft verið nefndur þjóðardagur öfundar. Hefð er fyrir þessu gagnsæi þegar kemur að tekjum í Finnlandi og upplýsingar um tekjur hafa verið birtar árlega í fjölmiðlum landsins í byrjun nóvember.

Nýverið greindi embætti ríkisskattstjóra frá því að listinn með nöfnum þeirra 200 einstaklinga sem eru með yfir 100 þúsund evrur, 13,8 milljónir króna, í tekjur yrði ekki sendur til fjölmiðla. Ákvörðunin er nú til skoðunar hjá dómsmálaráðuneytinu.

Jouni Kemppainen, ritstjóri Maaseudun Tulevaisuus, er afar ósáttur við ákvörðun skattayfirvalda og segir hana spurningu um meginreglu lýðræðis og opins velferðarkerfis.

Eins segir prófessor í stjórnskipunarrétti, Olli Maenpaa, í viðtali við dagblaðið Kauppalehti að vafi leiki á um skýringar skattayfirvalda um að birtingin brjóti gegn nýjum persónuverndarlögum Evrópusambandsins.



Frétt af mbl.is

Vill skýrara regluverk um skattakógalista

Noora Kontro, sérfræðingur hjá ríkisskattstjóra, segir að 100 einstaklingar hafi óskað eftir því að upplýsingar um tekjur þeirra verði ekki sendar til fjölmiðla og af þeim hafi 70 umsóknir afgreiddar með samþykki. Í einhverjum tilvikum hafi skattayfirvöld óskað eftir frekari upplýsingum. Hún vildi ekki upplýsa um í samtali við Yle hvaða ástæður viðkomandi hafi gefið upp fyrir beiðninni. Annað en að ein þeirra væri sú að nafnbirting sem þessi geti aukið líkur á að viðkomandi verði fórnarlömb glæpa. Eins að birtingin geti verið óþægileg fyrir íbúa í litlum samfélögum. Hún bendir á að þrátt fyrir að nöfn þeirra birtist ekki í fjölmiðlum sé hægt að leita uppi nöfn þeirra á skattstofunni.

Þeir tveir einstaklingar sem voru með hæstu tekjurnar í Finnlandi í fyrra eru stofnendur leikjafyrirtækisins Supercell, Ilkka Paananen og Mikko Kodisoja, en sá fyrrnefndi var með 109 milljónir evra (15 milljarða króna) í árstekjur og sá síðarnefndi 98 milljónir evra (13,6 milljarða króna). Paananen greiddi samkvæmt frétt Yle 40 milljónir evra í skatt í fyrra en hann skipaði einnig efsta sæti listans árið á undan.

Af þeim 100 tekjuhæstu eru aðeins tíu konur og sú sem var tekjuhæst kvenna er Maria Severina, sem er í fimmta sæti listans. Hún var með 36 milljónir evra (fimm milljarða króna) í tekjur í fyrra en tekjurnar koma af sölu líftæknifyrirtækisins Hytest.

Gagnsæi stuðlar að umræðu, umræða veldur spurningum og spurningar krefjast svara ...

ÅBENHEDEN GIVER DEBAT og viser, hvem der er parat til at betale til vores fælles velfærd. Men vi er kun halvt i mål. For hvorfor gør vi ikke som vore nordiske brødre? Her har man lagt alt frem også de personlige skattebetalinger.

Skat handler jo om at bidrage til fællesskabet og er derfor ikke en privat, godgørende sag, som man frivilligt kan deltage i eller melde sig ud af.

Og de, der bidrager til fællesskabet, har vel intet at skjule? Så lad os se, hvor meget Jønke, Kolde Eivind og Fritz Schur bidrager til vore skoler, hospitaler og generelle velfærd. Jeg er parat til at lægge min skattebetaling frem, hvis det bliver en del af en ny og nødvendig åbenhed. Er du?

INNLENT

11 11

Tekjublað:Fjall undir fátækramörkum

Ritstjórn DV ritstjorn@dv.is

06:00 > 25. júlí 2015



Hafþór Júlíus Björnsson,
kraftlyftingamaður
50.000 kr

Hafþór Júlíus Björnsson, kraftlyftingamaður og sterkasti maður Evrópu, kom lítið við sögu í nýjustu þáttaröð Game of Thrones þar sem hann leikur illmennnið Gregor Clegane eða „Fjallið“. Hann hefur þó haft í nógu að snúast undanfarið ár og keppt í hverju aflraunamótinu á fætur öðru. Í apríl hafnaði Hafþór í þriðja sæti í keppninni Sterkasti maður heims og fylgdi þeim árangri eftir tveimur mánuðum síðar með því að verða Sterkasti maður Íslands fimmta árið í röð. Tekjur Hafþórs voru aðeins 50 þúsund krónur á mánuði.



Mvnd: DV ehf. / Sietrveður Ari

Þetta var árið 2015

Árið 2016 lýtur dæmið hins vegar út svona:

DV Fréttir Umræða Fólk Lífsstíll Neytendur Menning Sport Skrátið   

INNLENT 👍 22 🔄 2 💬 5

Umdeildur kraftajötunn malar gull

Hafþór Júlíus Björnsson kraftajötunn

Ritstjórn DV
ritstjorn@dv.is

06:00 > 30. júní 2017



Hafþór Júlíus Björnsson Einkalíf kraftajötunsins hefur verið stormasamt í meira lagi. Mynd: 2015 Victor Chavez

  Líkt og síðustu ár gefur DV út veglegt tekjublað með upplýsingum um tekjur ríflega 2400 Íslendinga sem eru byggðar á greiddu útsvari viðkomandi samkvæmt álagningarskrám Ríkisskattstjóra.

Hafþór Júlíus Björnsson
2.539.518 kr. á mánuði

Kraftajötuninn Hafþór Júlíus Björnsson hefur verið mikið í fréttum undanfarið í kjölfar þess að hafa verið sakaður um heimilisofbeldi. Hafþóri hefur gengið flest í haginn í Jötunheimum og hefur fest sig í sessi sem einn þekktasti aflraunamaður heims. Hann tryggði sér titilinn sterkasti maður Evrópu í apríl á þessu ári en varð að gera sér silfrið að góðu í keppninni um

Vill uppljóstra um skattleysi fyrirtækja



Forsvarsmenn tæknirísans Google hafa setið undir harðri gagnrýni vegna skattamála fyrirtækisins. AFP

Sam Dastari, formaður ástralskrar þingnefndar sem hefur rannsakað skattamál alþjóðlegra fyrirtækja, vill að upplýst verði opinberlega um hvaða fyrirtæki það eru sem bókfæri hagnað sinn í skattaskjólum til að forðast að greiða skatta í Ástralíu.

Nefndin mun birta skýrslu sína um málið á morgun. Rannsóknin hefur beinst að mörgum af stærstu fyrirtækjum heims í til að mynda tæknigeiranum, lyfjaframleiðslu og námuvinnslu en þingnefndin hefur fengið stjórnendur fjölmargra fyrirtækja á sinn fund.

Skattamál alþjóðlegra fyrirtækja hefur verið heitt umræðuefni í Ástralíu að undanfögnu, eins og reyndar víða annars staðar, og hafa margir krafist svara við því af hverju svona mörg fyrirtæki komi sér undan skattgreiðslum með því að bókfæra hagnað sinn í skattaskjólum.

Dastari sagði við fréttamenn í morgun að þau fyrirtæki sem kæmust undan því að greiða skatt í Ástralíu þyrftu að réttlæta þá ákvörðun sína á opinberum vettvangi.

Þingnefndin mun kalla eftir því að áströlsk skattayfirvöld fái heimild til þess að greina frá þeim sáttum sem fyrirtæki hafa gert um skattasniðgöngu, að sögn dagblaðsins Sydney Morning Herald.

Dastari sagði að þeim mun meira sem yrði afhjúpað um hátterni fyrirtækjanna, þeim mun betri yrði stefna stjórnvalda.

Skattskrá ≠ álagningarskrá

„yesterdays news“

- Þegar álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., er lokið skal ríkisskattstjóri semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra
- Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hent-ugum stað í hverju sveitarfélagi. Ríkisskattstjóri auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi
- Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta
 - Áhugi almennings á slíkum uppl. er þó almennt minni en á uppl. álagningarskrár – **Af hverju skyldi það stafa?**

Sveitarfélög fá álagningarskrá ekki afhenta

05.09.2019 - 13:07 Innlent • Fjármálin • persónuvernd • Ríkisskattstjóri • Vesturland



Mynd: LANDINN - RUV

Sveitarfélög fá ekki álagningarskrá einstaklinga afhenta í ár vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar. Hingað til hafa þau fengið skrána afhenta þar sem hún geymir upplýsingar um álagða skatta, þar á meðal útsvar, sem er megintekjustofn sveigafélaga. Vilji sveitarfélög skoða skrána þurfa þau að ferðast til skrifstofu ríkisskattstjóra innan þess tíma sem hún liggur frammi fyrir almenningi.

„Nú rákum við okkur á það að við fengum skrána ekki afhenta og var bent á að fara á starfstöð ríkisskattstjóra sem er á Akranesi í okkar tilfelli.“ segir Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundafjarðarbæjar og bendir á að það skjóti skökku við að þurfa að keyra 280 kílómetra til að sækja þessar upplýsingar.

Bæjarstjórn Grundafjarðarbæjar hefur fylgst með og látið gera úttekt á þróun útsvarstekna meðal annars með tilliti til þróunar í atvinnumálum. Útsvarstekjur eru töluverður hluti af tekjum sveitarfélaga og voru um 80% af skatttekjum og 52% af heildartekjum bæjarsjóðs Grundafjarðarbæjar 2018.



ELSA MARÍA GUÐLAUGS
DRÍFUDÓTTIR

[Senda skilaboð](#)



Tengdar fréttir



[Persónuvernd skoðar hagsmunaskráningu](#)



Innheimtumenn

opinberra gjalda, sbr. 111. gr. TSL

- Opinber gjöld (tekjuskattur, útsvar og tryggingagjald) renna í ríkissjóð og annast sérstakir innheimtumenn um innheimtu þeirra
- Innheimtumenn ríkissjóðs eru ríkisskattstjóri í umdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu en sýslumenn í öðrum umdæmum

Greiðsla skatta

Fyrirmæli um þetta finnur þú í 112. – 116. gr. TSL

- Upphaflega voru skattar eftirágreiddir. Eftir því sem ríkið varð þurftarfrekara var þó smám saman farið að heimila fyrirframgreiðslu upp í væntanlega álagða skatta
- Skv. því skyldi greiða ákveðið hlutfall af sköttum síðasta árs með fimm jöfnum greiðslum frá og með febr. til og með júní
- Það sem eftir var af sköttum ársins var svo greitt þegar álagningin lág fyrir með fimm jöfnum greiðslum frá og með ágúst til með des.
 - Jan og júlí voru semsé gjaldfrjálsir mánuðir

Fyrirframgreiðsla álagðra skatta

Af hverju? Jú, laun eru
staðgreiðsluskyld

- Almennt um fjölda gjalddaga og gjalddaga
 - Tekjuskattur **AF ÖÐRUM TEKJUM EN LAUNATEKJUM** hvers gjaldanda, skal greiddur á **tíu gjalddögum** á ári hverju. Eru **gjald dagar fyrsti dagur** hvers mánaðar nema í **janúar** og í þeim mánuði sem álagningu lýkur (**júlí eða okt.**) samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra
- **FYRIRFRAMGREIÐSLA**
 - **Þar til** álagning liggur fyrir **skal gjaldanda**, gert að greiða á hverjum gjalddaga **ákveðinn hundraðshluta skatta er honum þar að greiða næstliðið ár**
 - Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með **reglugerð** fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans hafa hliðsjón af tekjubreytingum sem orðið hafa svo og almennu efnahagsástandi
 - **Hjá þeim sem inna af hendi staðgreiðslu skal hundraðshlutinn þó reiknast af mismun álagningar opinberra gjalda og staðgreiðslu**

Lækkun og takmörkun fyrirframgreiðslu

- Hafi aðrar tekjur gjaldanda en launatekjur á **liðnu** ári (**gjaldárið**) **verið mun lægri** en á næsta ári þar áður (**tekjuárið**) eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög **má lækka mánaðarlega fyrirfram-greiðslu** samkvæmt nánari ákvörðun **í reglugerð**
- Á sama hátt má kveða á um að fyrirframgreiðsla, sem ekki nær tilteknu lágmarki, skuli ekki innheimt. Jafnframt er heimilt að takmarka fyrirframgreiðslu-skyldu við þá sem ekki ber að inna af hendi stað-greiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opin-berra gjalda (**allir aðrir en launþegar**)

Uppgjör álagðra skatta

Eftirágreiðslan

- **ÁLAGÐA SKATTA**, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu **auk mismunar** sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns **AÐ FRÁDREGINNI** staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal greiða með
 - **SEM NÆST JÖFNUM GREIÐSLUM** á þeim gjald-dögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram
 - Vangreiðsla að hluta á álögðum skatti veldur því að álagðir skattar gjaldandans falla í eindaga **30 dögum eftir gjalddag-ann**, þó ekki fyrr en mánuði eftir að álagningu er lokið
 - Skuldi maður fyrirframgreiðsluna fellur hún semsé í **gjald-daga eftir atvikum 31. júlí eða 31. ágúst á álagningarárinu**

Endurákvörðun skatta

- Hér að framan höfum við einbeitt okkur að reglulegri álagningu, fyrirfram- og eftirágreiðslu skatta
- Auk hennar getur aðili lent í því að skattar hans séu ENDURÁKVARÐAÐIR með heimild í 96. gr. TSL
- Verði hann fyrir því fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina. Eindagi er svo 30 dögum síðar
- Skv. því hefur aðili að lágmarki 30 daga til að greiða skattskuldina og geri hann það ekki fara dráttarvextir að falla

Nánar um endurákvörðun tekjuskattsins

- Í dag liggur fyrir að ríkisskattstjóri muni hækka launatekjur A vegna óheimilla úttekta úr einkahlutafélagi hans árið 2014. um 1.000.000 kr. að viðbættum 250.000 kr. vegna álags
- Aukaskatturinn er því 0,xxxx sinnum 1.250.000 kr. Hvaða skatthlutfall á ég að nota við útreikning á aukaskattinum og frá og með hvaða degi reiknast dráttarvextir komi til vangreiðslu á skatt skuldinni

... hvernig horfir þetta við í vskinum

- Við endurskoðun á skattskilum einkahluta-félags A kom í ljós að hann hafði offært innskatt að fjárhæð 1.000.000 kr. vegna tímabilsins sept.-okt. 2014
 - **Innskattaði (óvirt) kaupverð fólksbifreiðar**
- Hvaða afleiðingu hefur þetta fyrir skattskil einkahlutafélagsins með tilliti til álags og dráttarvaxta af hinni offærðu greiðslu?

Skyldur launagreiðanda

Hámark afdráttar. Sjá 115. gr. TSL

- Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, eru skyldir **AÐ KRÖFU INNHEIMTUMANNS** að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 112. gr.
- Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur **75%** af **heildarlaunagreiðslu** (ekki nettólaunagreiðslu) hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum og gjöldum skv. IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar
- Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár
- Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur aðfararréttar hjá launagreiðanda
- Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, **skal greiða dráttarvexti frá þeim degi sem skila átti fénu til innheimtumanns**

Dráttarvextir

Muna gjalddaga og eindaga

Sé ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga

- Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er
 - Fyrstu fyrirframgreiðslu það er vegna 1. febr. ber að inna af hendi fyrir febrúarlok. Greiðir þú hins vegar 1. mars reiknast dráttarvextir frá 1. febr. til 28. febr.
- Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga fyrirfram og eftirágreiddra skatta
 - Allsherjar gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta af einstökum fyrirfram- eða eftirágreiðslum hefur því ekki áhrif á dráttarvaxta-útreikninginn
- Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu

Innheimtu-úrræði - skoðið:

<https://www.rsk.is/innheimta>

- Heimilt er að gera aðför hjá skuldara vegna vangreiddra skatta
- Á grundvelli aðfarar er svo unnt að bjóða upp eign þá sem aðför er gerð í eða **ef aðförin er árangurslaus**
- **Krefjast gjaldþrota á búi hlutaðeigandi manns**
- Tilfelling þessa hefur þó fækkað þegar menn eiga í hlut

Viðskipti | Morgunblaðið | 6.9.2019 | 5:30

Stöðvuðu rekstur tveggja fyrirtækja

mbl.is/EggertJohannesson**Morgunblaðið** Setja bókamerki

Vettvangseftirlit Ríkisskattstjóra tók til skoðunar 1.040 fyrirtæki á tímabilinu maí, júní og júlí í sumar. Alls fengu 80 fyrirtæki skrifleg tilmæli um úrbætur í kjölfar heimsóknar frá eftirlitinu. Rekstur var stöðvaður hjá tveimur fyrirtækjum.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á eftirlit með ferðapjónustu, einkum á sumrin. Af 1.040 fyrirtækjum á tímabilinu maí-júlí voru 399 innan ferðapjónustunnar. Þar af var 141 skoðað í framhaldi af umferðareftirliti á vinsælum ferðamannastöðum. Af 399 málum innan ferðapjónustunnar var u.þ.b. 50% lokið án athugasemda. Langflestar athugasemdirnar vörðuðu reiknað endurgjald eiganda og tengdra aðila.

Ofgreiðsla skatta

- Þótt algengara sé að menn skuldi skatta hendir stundum að þeir ofgreiði þá. Liggi það fyrir ber að
 - endurgreiða það sem ofgreitt var **ásamt vöxtum** fyrir það **tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs**
 - Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekju-skatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti **en því að vextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári**
 - Vextir skulu vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. **Hlutaðeigandi á semsé ekki rétt á dráttarvöxtum - almennt**

Nema ...

hið opinbera á ekki að græða á drætti málsins

- ... kæra sé til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests skv. 1. og 2. mgr. 32/1992 um yfirskattanefnd
 - en þá skal greiða skattaðila **DRÁTTARVEXTI** af fjárhæð sem yfirskattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, **frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið**
- **Jafnframt má ætíð krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta samkvæmt lögum þessum**
- Eða endurgreiðslan heyri undir Lög um greiðslu oftekinna skatta, sjá nánar 2. gr. laga nr. 29/1995

Lög um greiðslu oftekinna skatta nr. 29/1995. Sjá 2. gr. laganna

- Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skal greiða gjaldanda **VEXTI**, sem skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, **af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram**
- **ÞRÁTT FYRIR ÁKVÆÐI 1. MGR. SKAL GREIÐA DRÁTTARVEXTI SKV. 1. MGR. 6. LAGA NR. 38/2001 FRÁ ÞEIM TÍMA ER GJALD-ANDI SANNANLEGA LAGÐI FRAM KRÖFU UM ENDURGREIÐSLU OFGREIDDRA SKATTA EÐA GJALDA**
- Almennir vextir skulu þó **ekki** greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að fé var oftekið. Það sama gildir þegar dráttarvextir eiga í hlut ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð
- Ákvæði þessarar greinar gilda ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg
 - Hvað þýðir þetta?

Fyrning skattskulda

Sjá lög nr. 150/2007

- Skattskuldir fyrnast á 4 árum og reiknast fresturinn frá gjaldaga
- Fyrningar tíminn rofnar þó ef aðili greiðir inn á skuld. Gerist það byrjar nýr tími að líða
- Í því sambandi skiptir ekki máli hvort greiðslan er sjálfvirk eða sjálfviljug
- Sama gildir ef aðför er gerð í eignum skuldara til tryggingar vangreiddum sköttum

2. mgr. 113. gr. TSL

Lex albert og org

- Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti ...1) samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð

Tímamótaárið 1987

- Á tímabilinu frá 1921 til 1987 var tekju- og eignar-skattur svo og útsvar **eftirágreitt**
- Þar með er ekki sagt að stjórnvöld hafi ekki viljað gera breytingu þar á. Tillögurnar náðu einfaldlega aldrei fram að ganga
- Árið 1987 varð breyting á þessu. Haustið 1987 voru semsé samþykkt lög um staðgreiðslu opin-berra gjalda og tryggingagjalds
- Lögin tóku gildi 1. jan. 1988 **og var því ekki lagt á menn 1988 vegna ársins 1987** sem þess vegna hefur verið kallað **SKATTLAUSA ÁRIÐ**

Skattlausa árið

Markaðurinn, 104. júl. 2007 06:00

Tuttugu ár frá skattlausa árinu



Árið 1987 opnaði Kringlan á holti Kringlumyrarbrautar og Miklubrautar. Þar gæfist landsmönnum kostur á að halda einkaneyslunni áfram innandyr.

Snemma árs 1986 kom til tals að leggja niður eftirgreiðslukerfi í skattheimtu og taka upp staðgreiðslukerfi. Talverðar breytingar voru í vændum enda hafði eftirgreiðslukerfið fjölmarga agnúa.

Skattkerfið fram til 1987 þótti þungt í vöfum. Skattþrep voru þrjú, allt frá um 15 prósentum fyrir lægstu tekjurnar til um 50 prósent á efsta þrepi og hæstu tekjuflokkum. Ofan á það bættust undanþágur af ýmsum toga, svo sem afsláttur af lífeyrissíðgjöldum, vaxtagjöldum, viðhaldi á húsnæði og mörgu fleira.

Í viðræðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar við Vinnuveitendasambandið og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fyrir kjarasamninga árið 1986 kom fram áhugi á því að stjórnvöld breyttu skattkerfinu og var leitast við að aðilar vinnumarkaðarins kæmu að breytingunni, sem líta mætti á sem innlegg stjórnvalda til kjarasamninga á vinnumarkaði. Gengið var í kerfisbreytinguna í samráði við Björn Björnsson, sem kom frá ASÍ, og Víglund Þorsteinsson, formann Félags iðnrekenda, sem þá var fulltrúi Vinnuveitendasambandsins. Frumvarpið var svo lagt fyrir Alþingi á fyrri hluta árs 1986.

Ákvörðun um að hafa árið 1987 skattlaust með öllu var langt í frá einföld enda skiptar skoðanir um ágæti þess. Nokkrar hugmyndir komu upp á borðið, þar á meðal að setja staðgreiðslu skatta á um leið og hitt væri lagt niður um áramótin. Víkið var hins vegar frá þessum hugmyndum vegna yfirvofandi árekstra og fjölda ágreiningsmála sem gætu komið upp. Slíkur gjörningur hefði orðið ærði mannfrekur og kostnaðarsamur og þótti ekki þess virði að flækja málið með þeim hætti.

Niðurstaðan varð sú að fella eftirgreiddan skatt niður um áramótin 1986 og láta launþega sleppa við að greiða skatt af tekjum sínum á meðan kerfisbreytingin kæmist í gagnið árið 1987. Þetta var gríðarleg einföldun á skattheimtu hér á landi. Í stað mismunandi skattþrepa og ýmissa afslátta og ívilnana var ákveðið að hafa 35,2 prósent skatt á einstaklinga og persónuafslátt sem rúmaði þær undanþágur sem fengust í fyrra kerfi. Þetta voru talverðar breytingar á skattalegum útreikningum. En launþegar fundu mest fyrir breytingunni, sem tilkynnt var að yrði að veruleika snemma árs 1987.

Losnað úr viðjum vinnu



Heilsubælið Þórhallur Sigurðsson í hlutverki Saxa lækis, Edda Björgvinsdóttir og Pálmi Gestsson í gamanþættinum Heilsubælið í Gervahverfi, sem sýndur var við góðar undirtektir í árðaga Stöðvar 2 árið 1987.

Þeir sem voru í fastri daglaunavinnu með litlar launasveiflur fundu ekki mikið fyrir breytingunni að öðru leyti en því að þeir fengu laun sín óskert um hver mánaðamót þetta ár. Munaði um minna. Þeir sem haft höfðu sveiflukennd laun en lent í miklum uppgripum árið 1986 fundu hins vegar mjög fyrir breytingunni þar sem skattleysið olli því að þessir einstaklingar sluppu við að greiða eftirgreidda skatta fyrir uppgripsárið.

Þeir sem höfðu ráðrúm á því að auka við sig vinnu högnuðust svo mun meira en aðrir. Í þennan hóp féllu margir, svo sem sjómenn og iðnaðarmenn.

Eftirgreiðsla skatta var klafi á fólki og olli því að þeir sem höfðu verið í mikilli vinnu eitt árið urðu að leggja fyrir ættu þeir að eiga fyrir skattskuldbindingum næsta árs. Reyndar voru áætlaðir skattar greiddir fyrirfram í samræmi við álagningu ársins á undan um hver mánaðamót en þegar endanleg álagning skatta barst um mitt hvert ár gat talsverðu munað frá upphaflegri áætlun. Gátu menn því átt von á því að þurfa að greiða til baka ígjildi heilla mánaðarlauna í skatta vegna mikilla tekna árið á undan. Þetta kom mjög illa við margar stéttir manna enda olli eftirgreiðsla skatta því að þeir sem höfðu mikil uppgrip eitt árið urðu ýmist að leggja talsvert fyrir til að eiga fyrir yfirvofandi álagningu eða halda áfram í stífri vinnu. Skiljanlega var því snúið fyrir mjög marga að laga sig að sveiflukenndum aðstæðum ár frá ári.

Með staðgreiðslunni sem tekin var upp árið 1988 hurfu þessir hlekkir af þeim sem unnu störf með sveiflukenndum tekjum. Enda hófu þeir, líkt og velflestir, að staðgreiða skatta við hver mánaðamót með tiltölulega litlum breytingum allajafna þegar álagningarseðillinn barst inn um bréfalöguna þegar nær dró hausti.

Mikil einkaneysla



unglingur í bakarí? Þessi ungi maður er Bjarni Arason en myndin var tekin um það leyti sem hann fór með sigur af hólmi í keppni gleðisveitarinnar Stuðmanna um Látúnsbarkann árið 1987. Markaðurinn/JAK

Árið 1987 varð eðlilega afbrigðilegt í hagfræðilegu tilliti þegar sköttum sleppti. Uppsveifluskeið hafði staðið yfir undangengin þrjú ár, frá 1984. Laun hækkuðu gríðarlega á þessum þremur árum, um ein 300 prósent - sem var að margra mati óhöflegt - og virtist ekkert ætla að draga úr á skattlausa árinu.

Atvinnupátttaka tók stökkið við skattbreytinguna árið 1987 og var með mesta móti. Samhliða breytingunni tók kaupmáttur ráðstöfunartekna (að teknu tilliti til verðbólgu, skatta og bóta) sömuleiðis heljarstökk og jókst um heil 43 prósent á milli ára. Annað eins hefur ekki sést.

Einkaneysla jókst að sama skapi gríðarlega, um heil 16,2 prósent að raungildi á milli ára en um 23 prósent við enda uppsveiflunnar á árabílinu 1986 til 1987. Önnur eins aukning á milli ára er vandfundin.

Staðgreiðsla skatta

- Um staðgreiðslu skatta er fjallað í:
 - **lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda – Tekjur skv. A-lið 7. gr. TSL**
 - Skv. þeim ber að **staðgreiða** opinber gjöld, það er tekjuskatt og tryggingagjald svo og sveitar-sjóðsgjöld, það er útsvar af launum ...
 - **lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu fjármagnstekna**
 - **Skv. þeim ber að staðgreiða tekjuskatt af arði og vöxtum.** Aðrar fjármagnstekjur sæta því ekki staðgreiðsluskyldu

Hvað er staðgreiðsla?

- Staðgreiðsla er **BRÁÐABIRGÐA** greiðsla tekjuskatts og tryggingagjalds svo og útsvars
- Fullnusta á henni felur því ekki í sér endanlega skatt-greiðslu nema það sé gagngert tekið fram í lögum, sbr. 4. mgr. 9. gr. STG:

- **ALMENNT VERÐUR ÞVÍ AÐ TELJA FRAM HVAÐ SEM RAULAR OG TAUTAR**

Hvað með tekjur skv. 2., 3. og 5. tölul. 3. gr. TSL

- Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu hjá þeim launamönnum sem skattskyldir eru skv. 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skal vera tekjuskatts-hlutfall eins og það er ákvarðað í 70. gr. þeirra laga **og skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts** þeirra aðila vera fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur skv. 4. tölul. 3. gr. **það er stundar atvinnurekstur á fastri starfsstöð**

Sjá

Hverjir eru staðgreiðsluskyldir

Ath. starfsmannaleigurnar

- Allir þeir sem inna af hendi **laun og skyldar tekjur**, sbr. A-lið 7. gr. TSL eru staðgreiðsluskyldir skv. lögum nr. 45/1987, sbr. 2. gr. STG. **Hér til teljast allt í senn**
 1. **Innlendir aðilar** (menn og lögaðilar) sem inna af hendi laun og skyldar tekjur
 - Atvinnurekendur, opinberir aðilar svo sem Trygginga-stofnun, tryggingafélög, lífeyrissjóðir, stéttarfélög o. fl.
 2. **Erlendir aðilar** sem stunda atvinnurekstur á fastri starfsstöð og inna af hendi laun og skyldar tekjur

Orðanotkun

launagreiðandi og launamaður

- Launagreiðandi nefnist sá sem innir af hendi staðgreiðsluskyldar launatekjur
- Viðtakandinn kallast hins vegar launamaður
- Í samræmi við þetta heitir greiðslan, sem staðgreiðslan reiknast af, **laun** (aflatekjur) og gildir einu þótt um sé ræða allt í senn: laun, lífeyri, tryggingabætur, styrki, vát trygg-ingafé o. fl.

Launagreiðandi

ath. starfsmannaleigurnar. Impregilo-vandamálið

- Launagreiðandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur **sem teljast laun** í skilningi laga um STG
- Ef milligöngumaður annast launagreiðslur skal hann gegna skyldum launagreiðanda varðandi skil og greiðslur samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um **umboðsmann** aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
- **Vinnuveitandi starfsmanna, sem ráðnir eru til starfa á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli, telst launagreiðandi þeirra samkvæmt lögum þessum hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi**
- Starfsmannaleiga, sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahags-svæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum telst þó launagreiðandi nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki
- **Notendafyrirtæki ber ábyrgð, sem launagreiðandi, hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu**
- Fjármálaráðherra er heimilt að binda staðgreiðslu starfsmannaleigu nánari skilyrðum

Launamaður telst hver sá

1. Maður er fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. [Enn fremur sá sem nýtur eftirlauna eða lífeyris](#)
2. Maður sem skal reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnu-rekstur eða sjálfstæða starfsemi. Enn fremur maki hans eða barn inni þau af hendi starf fyrir hann við atvinnureksturinn eða starfsemina
 - Sama á við um mann, maka hans eða barn sem skal reikna sér endurgjald vegna atvinnurekstrar eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
3. Maður sem fær greiddar tryggingabætur, styrki og hvers konar skaða-bætur og vátryggingabætur
4. Maður sem nýtur greiðslna samkvæmt höfundarétti (afnot og leiga)
5. Maður sem nýtur verðlauna eða heiðurslauna eða hlýtur skattskyldan vinning í happdrætti, veðmáli eða keppni (pókerspil)
6. Aðili sem ber takmarkaða skattskyldu hér á landi og nýtur tekna sem um getur í 2., 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. TSL

LAUN í skilningi laga um staðgreiðslu teljast

1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila
 - ✓ Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndar-laun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, dagpeningar, flutnings-peningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki
 - ✓ Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum
2. Endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt

... og skyldar tekjur

3. Tryggingabætur og styrkir. Skaðabætur og vátryggingafé vegna sjúk-dóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaða-bætur og vátryggingabætur, sbr. þó 2. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
4. Endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu
5. Verðlaun og heiðurslaun, skattskyldir vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni
6. Greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og getið er um í 2., 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
7. Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dómsátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur

Af hverju reiknast staðgreiðsla

SKILASKYLDA

- Reikna ber staðgreiðslu af launum eins og þau eru skilgreind hér að framan
 - Ath. heimilt er að undanskilja ákveðnar greiðslur staðgreiðsluskyldu. Um þessar greiðslur nánar, sjá reglugerð nr. 591/1987
- Launagreiðandi ber ábyrgð á afdrætti staðgreiðslu opinberra gjalda af launum launamanns
- Skv. því er hann skyldur að halda henni eftir við afgreiðslu launa og skila svo í ríkissjóð innan ákveðins tíma

Framkvæmd staðgreiðslu

- Launagreiðanda ber að halda eftir 36,94%, eða 46,24% af útborgðum launum til fullnustu staðgreiðslu nema launamaður afhendi honum **SKATTKORT** sitt til sönnunar því að hann eigi rétt á persónuafslætti og fjárhæð hans
- **Skattkort geta verið af ýmsum gerðum**

1024

1280

1400

A

A

A+

A++

Sé munur á uppsetningu texta hér að neðan og í PDF skjali gildir PDF skjalið.

 1264/2018

Nr. 1264/2018

21. desember 2018

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2019.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2019 verður 22,5% af tekjuskattsstofni að 11.125.045 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 11.125.046 kr. Meðalútsvar á árinu 2019 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2019 verður því 36,94% af tekjuskattsstofni að 11.125.045 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 11.125.046 kr.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2019 vera 677.358 krónur, eða 56.447 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. desember 2018.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B deild - Útgáfud.: 28. desember 2018

Sé munur á uppsetningu texta hér að neðan og í PDF skjali gildir PDF skjalið.

 1157/2017

Nr. 1157/2017

22. desember 2017

AUGLÝSING

um fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, innheimtuhlutfall í staðgreiðslu og persónuafslátt árið 2018.

Lögum samkvæmt ákveður og auglýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið árlega fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns og innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sem er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og meðalhlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjuskattshlutfall á árinu 2018 verður 22,5% af tekjuskattsstofni að 10.724.553 kr. og 31,8% af tekjuskattsstofni frá 10.724.554 kr. Meðalútsvar á árinu 2018 samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 14,44%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2018 verður því 36,94% af tekjuskattsstofni að 10.724.553 kr. og 46,24% af tekjuskattsstofni frá 10.724.554 kr.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur hvers einstaklings á árinu 2018 vera 646.739 krónur, eða 53.895 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. desember 2017.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B deild - Útgáfud.: 27. desember 2017

Aðalskattkort og aukaskattkort

Ath. breytt fyrirkomulag

- Aðalskattkort er gefið út á grundvelli 11. gr. STG og er það yfirleitt í vörslu aðallaunagreiðanda manns
- Vinni maður hjá mörgum aðilum og nýti ekki allan persónuafslátt sinn hjá einum þeirra getur hann fengið útgefið aukaskattkort, sbr. 2. mgr. 12. gr. STG til að nýta hjá öðrun
- Sama gildir ef maki eða sambúðaraðili aðila nýtir ekki allan persónuafslátt sinn. Sé annar makinn heimavinnand er hinum makanum hins vegar heim-ilt að nota skattkort þess. Þegar svo stendur á er því ekki nauðsynlegt að gefa út sérstakt aukaskatt-kort

Skattkort með uppsöfnuðum ...

- Ef launamaður hefur **eigi** nýtt meira en 50% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr. STG
 - er honum heimilt að sækja um útgáfu skattkorts **sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi**
 - **Algengast er að á þetta reyni þegar námsmenn eiga í hlut**
- Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti

Skattkort lögð af

- Í samræmi við breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, voru skattkort lögð af frá og með árinu 2016
- Þótt notkun skattkorta hafi verið hætt þá kallar það ekki á neinar breytingar fyrir launamenn nema einhverjar breytingar komi til t.d. ef hefja á störf á nýjum vinnustað eða breyta nýtingu persónuafsláttar með einhverjum hætti
- Nánari upplýsingar þar um er að finna á heimasíðu RSK

AFDRÁTTUR STAÐGREIÐSLU

- Afdráttur opinberra gjalda af launum – **MEGINREGLA**
 - skal fara fram þegar laun eru borguð út eða færð launamanni til tekna vegna ákveðins greiðslutímabils
- Þegar laun eða hluti launa, svo sem greiðslur fyrir yfir-vinnu, ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, koma ekki til uppgjörs fyrr en að loknu því greiðslutímabili sem krafa til þessara launa myndast að fullu eða hluta
 - skulu þau talin til launa þess greiðslutímabils, enda fari uppgjör þeirra fram innan 14 daga frá lokum þess
- Fari uppgjörið fram síðar teljast greiðslur þessar til þess greiðslutímabils er uppgjörið fer fram í og miðast afdráttur þá við það tímabil

UM LAUNATÍMABIL

- Greiðslutímabil launa til launamanns ákvarðast með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga þar um. **Ekkert launatímabil skal þó teljast lengra en einn mánuður**
- Greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds til launamanns, telst hver einstakur almanaksmánuður staðgreiðslu-ársins, nema skattaðili hafi rétt á að vera í ársskilum
 - ríkisskattstjóri getur heimilað aðilum, sem reikna sér, maka sínum og börnum endurgjald að **GERA SKIL EINU SINNI Á ÁRI** enda séu reiknuð laun undir tilteknu lágmarki samkvæmt sérstökum reglum er ríkisskattstjóri setur

Gjalddagar staðgreiðslu

- Á hverju staðgreiðsluári eru 12 gjalddagar. Hvert staðgreiðslutímabil er því einn almanaks mánuður
- Gjalddagi staðgreiðslu er fimmtándi dagur næsta mánaðar eftir umliðinn staðgreiðslu mán.
 - **Staðgreiðslu fyrir jan ber því að skila 15. febr. o. s. frv.**
- Sé staðgreiðsla ekki greidd á gjalddaga bætist 1% álag álag við við gjaldstofninn hvern dag sem greiðslan dregst þó aldrei hærra álag en 10%
- Dráttarvextir reiknast svo frá 10. degi frá gjald-daga

Ársskil staðgreiðslu

- Þeir sem stunda atvinnurekstur eru skyldir að reikna sér endurgjald. Þetta endurgjald er staðgreiðsluskylt
- Ef umfang atvinnurekstrarins er óverulegt er þó ekki nauðsynlegt að vera í mánaðarskilum
- Nái reiknað endurgjald manns t.d. ekki 450.000 kr. er nóg að skila staðgreiðslu einu sinni á ári það er 15. jan. ár hvert
 - Ath. þessi fjárhæð er óbreytt frá fyrra ári
- **Tekjuskattur af launum við álagningu er því fullnaðar skil á staðgreiðslu hans**

Endurgreiðsla staðgreiðslu

- Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina skriflega umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans ef veikindi, slys, mannslát eða starfsbreyting vegna þessa eða aldurs hans munu skerða tekjur hans verulega á þeim hluta staðgreiðsluársins sem eftir er,
 - á þann veg að staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu muni leiða til a.m.k. 20% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema
- Enn fremur er ríkisskattstjóra heimilt að taka til greina umsókn launamanns um endur-greiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef hann hefur eða mun stunda nám í a.m.k. fjóra mánuði á staðgreiðsluárinu og staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu muni leiða til a.m.k. 20% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema
- Á umsókn, sem sett er fram á sérstöku eyðublaði og ríkisskattstjóri lætur gera, skal koma fram rökstuðningur fyrir kröfum samkvæmt þessari grein. Umsókn skulu fylgja fullnægj-andi gögn til stuðnings kröfunni. Ríkisskattstjóri skal úrskurða um umsókn launamanns og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu
- Við endurgreiðslu skal bæta álagi sem skal vera 0,2% af endurgreiðslufjárhæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá því staðgreiðsla var innt af hendi og þar til endurgreiðsla fer fram

Eindagi staðgreiðslu

- Gjaldldagi greiðslu 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi launa greiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi skv. 28. gr. STG
- Álag nemur 1% af fjárhæð staðgreiðslu fyrir hvern dag sem greiðsla dregst um að hámarki 10%
- Frá og með 26 degi staðgreiðslu mánaðarins byrja svo dráttarvextir að falla

NIÐURFELLING ÁLAGS

Sjá 6. mgr. 28. gr. STG

- Fella má niður álag vegna síðbúinna greiðslu staðgreiðslu ef launagreiðandi færir **gildar ástæður sér til afsökunar** og metur ríkisskattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi
- Ath. merkingu orðanna: færir sér „... **gildar ástæður sér til afsökunar** ...“ Hvað skyldi það nú merkja? Skoðum eftirfarandi dæmi:
- Sl. sumar vann Sigga sem afleysingagjaldkeri hjá fyrir-tækinu A. Af reynslu veit hún að Tollstjóri er opinn frá 9 til 17. Hinn 1. júlí sl. tók Tollstjóri upp sumartíma. Skv. honum er opið frá kl. 8 til 16 á sumrin

Sigga og Tollurinn

- Nú er Sigga að fara að skila staðgreiðslunni fyrir x mánuð. Skilin bera upp á föstudaginn 15. x mánaðar og er kl. 16:30
- Vegna breytinga á opnunartíma embættis Tollstjóra kemur Sigga að lokuðum dyrum sem þýðir að staðgreiðslan er ekki greidd fyrr en á mándegnum
- Fyrir vikið verður að greiða 3% álag af staðgreiðslunni og þar sem hún er 30 millj. verður álagið 900.000 kr.
- Vinnuveitandi Siggu er náttúrlega allt annað en ánægður með vinnubrögð hennar og fer fram á niðurfellingu álagsins
- Telurðu að hann hafi árangur sem erfiði? Myndi einhverju breyta um niðurstöðuna ef Sigga hefði lent í árekstri á leiðinni til Tollstjóra með staðgreiðsluna?

Lög nr. 94/1996

- Staðgreiðsla af fjármagnstekjum tekur til **vaxta og arðs** og er hún **bráðabirðagreiðsla** tekjuskatts nema á annan veg sé mælt í lögum
- Skattskyldir aðilar eru allir þeir sem inna af hendi ofangreindar tekjur. Hlutafélag sem greiðir arð ber því að halda eftir 22% fjármagnstekjuskatti
- Í því sambandi skiptir engu þótt arðurinn teljist ekki til tekna hjá greiðanda heldur móttakanda
- Ath. að skilskylda er í einstökum tilfellum víðtækari en tekjuskattskyldan, sjá annars vegar 4. gr. og hins vegar 71. gr. TSL, sbr. 4. mgr. greinarinnar

4. mgr. 71. gr.TSL

Hvaða lögaðilar eru þetta? Ríki, sveitarfélög ...

- **Lögaðilar** þeir, er undanþegnir eru skattskyldu skv. 1., 2., 4., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr., skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr., svo og skv. 8. tölul. sama staflíðar 7. gr., að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum. Skal hann vera 20% af þeim stofni
- Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur **skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum**
- Þó skulu þeir aðilar, er þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, **skila greinargerð** um vaxtatekjur til skattýfirvalda og standa skil á 20% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu
- Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og **hafa aðrar fjármagnstekjur**, skulu sömuleiðis standa skil á 20% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Við ákvörðun á stofnverði eigna sem félög, sbr. 4. tölul. 4. gr., **eignast við gjöf** skal við sölu miðað við að stofnverðið sé **markaðsverð á yfirtökudegi** félagsins á eigninni

Hvaða tekjur eru þetta?

3. Vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður, sbr. 8. gr.
4. Arður af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 11. gr.
5. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. færa félagsaðilum sínum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra

Greiðslutímabil staðgreiðslu vaxta og arðs

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum nr. 94/1996 skal vera þrír mánuðir, þ.e.

janúar–mars, apríl–júní, júlí–september og
október–desember

Gjalddagar eru 20. apríl, 20. júlí, 20. okt. og
20. jan. og er eindagi 15 dögum síðar, **ÞAÐ
ER 4. DAG HLUTAÐEIGANDI MÁNAÐAR**


Endurskoðun skattstjórnsýslunar

- Embætti skattrannsóknarstjóra. Er þörf á því? Sumir telja eðlilegt að verkefni hans heyri undir


- **EFNAHAGSBROTADEILD
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA**

- Frá 1921 til 1962 voru skattar lagðir á af skatta-nefndum. Ein skattanefnd var í hverjum hreppi, upphaflega ca 300 álagningaraðilar
- Skattanefndirnar voru lagðar af árið 1962 og landinu skipt í nýju skattumdæmi.
9-Litlirskatt-stjórar. Í janúar 2010 voru þessi skattumdæmi sameinuð undir embætti
RÍKISSKATTSTJÓRA

Stjórnskipulag skattamála




Endurskipulagning



Skattstjórarnir eru þó enn þá við líði en nú sem skattstofur

Skattkerfið í dag

Skipulag RSK



Frjármálaráðherra, almennt

- Stjórnarráð Íslands, auglýsing um skiptingu starfa milli ráðherra
- Auglýsing um staðfestingu forseta á reglugerð um stjórnarráð Íslands frá 31. des. 1969 nr. 96
- Sjá 5. gr. Skv. henni fer fjármálaráðherra með mál er varða: Skatta ..., sbr. 4 tl.
- Skv. því er fjármálaráðherra æðsti yfirmaður skatt-stjórnsýslunnar. **Sem slíkur skipar hann ríkisskatt-stjóra, skattrannsóknarstjóra og nefndarmenn í yfirskattanefnd**

Fjármálaráðherra, skattalögin

- Fjármálaráðh. er skyldur að leggja fram árlega mat á tekjum og gjöldum skv. 7. gr. og 30. gr. TSL, sbr. 31. gr. TSL. Sjá 118. gr. TSL. Þetta mat kallast **SKATTMAT**
- Annast um gerð og túlkun tvísköttunarsamninga, sbr. 119. gr. TSL
- Ber að fylgjast með því að skattyfirvöld starfi í samræmi við lög, sbr. 106. gr. TSL
- Getur óskað eftir uppl. um framtaldar tekjur og eignir, svo og kallað eftir framtölum einstakra aðila, sbr. 107. gr. TSL



Ríkisskattstjóri

- Hæfniskröfur, sjá 87. gr. TSL, sbr. 85. gr.
 - Óflekkað mannorð. (Ath. uppreisn æru)
 - Lögráða og fjár síns ráðandi. Ergo, má ekki vera gjaldþrota
 - Íslenskur ríkisborgari
 - Próf í lögfræði, viðskipta- og eða hagfræði, löggiltri endurskoðun eða sambærileg menntun
- Vararíkisskattstjóri verður að uppfylla sömu hæfniskröfur, sbr. 87. gr. TSL

Snorri Olsen nýr ríkisskattstjóri



Snorri Olsen tekur við sem ríkisskattstjóri í október.



Fjármála- og efnahagsráðherra hefur ákveðið að skipa Snorra Olsen tollstjóra í embætti ríkisskattstjóra frá og með 1. október 2018. Snorri hefur starfað sem tollstjóri í 21 ár, en þar áður var hann settur ríkisskattstjóri í tvö ár.

Skúli Eggert Þórðarson, sem gegnt hafði embætti ríkisskattstjóra síðustu 11 ár tók við [embætti ríkisendurskoðanda í síðasta mánuði](#). Var Ingvar J. Rögnvaldsson settur ríkisskattstjóri í framhaldinu.

Snorri lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1984. Hann hóf störf í fjármálaráðuneytinu í apríl 1984 og gegndi þar m.a. starfi skrifstofustjóra á sviði skattamála. Snorri var settur ríkisskattstjóri á árunum 1995 til 1997. Snorri hefur verið tollstjóri frá 1. október 1997.

Í tilkynningu stjórnarráðsins kemur fram að á stjórnartíma Snorra hjá embætti tollstjóra hafi embættið tekið miklum breytingum í ljósi samfélagsþróunar, ekki síst m.t.t. aukinnar rafvæðingar. Verkefni hafa verið sameinuð sem leitt hefur til aukinnar skilvirkni, hagræðingar og bættrar þjónustu. Sú þróun hófst árið 1998 þegar gjaldheimtan í Reykjavík var sameinuð tollstjóranum í Reykjavík. Árið 2001 var embætti ríkistollstjóra lagt niður og verkefni fluttust til tollstjórans í

Reykjavík. Árið 2009 varð embætti tollstjóra til, tók við verkefnum annarra tollstjóra og landið varð eitt tollumdæmi.

Embætti ríkisskattstjóra var stofnað 1. október 1962. Í ársbyrjun 2010 voru embætti ríkisskattstjóra og níu skattstjóra sameinuð í eitt. Starfsmenn þess eru nú u.þ.b. 240 sem starfa víðs vegar um landið á átta starfsstöðvum. Meginverkefni ríkisskattstjóra er að annast álagningu skatta og gjalda og hafa með höndum skatteftirlit.

Á undanförunum árum hefur ríkisskattstjóri verið leiðandi í rafrænni stjórnsýslu og m.a. er gerð og skil skattframtala og annarra skýrsla nánast eingöngu rafræn. Af því tilefni hlaut ríkisskattstjóri og embættið upplýsingatækniverðlaun SKÝ árið 2016. Ríkisskattstjóri hefur á undanförunum tíu árum verið í fremstu röð í kjöri um stofnun ársins á vegum stéttarféлага, og þar af fjórum sinnum í fyrsta sæti.

Ingvar J. Rögnvaldsson, settur ríkisskattstjóri, gegnir embættinu fram til 1. október.

Ríkisskattstjóri, almennt

- Annast álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á.
- Sér um framkvæmd skattkerfisins. Tæknimál. Ýmis konar staðfestingar. Eyðublaðagerð
- Hefur yfirumsjón með túlkun skattalaga. Veitir bindandi álit í skattamálum, sjá lög nr. 91/1998
- Lætur í té umsagnir í kærumálum fyrir yfirskattanefnd, sjá lög nr. 30/1992
- Hefur úrskurðarvald í nokkrum málum varðandi skatta og gjöld

Stjórnun, samræming og eftirl.

- Hefur yfirumsjón með skatteftirliti, sbr. 102. gr. TSL
- Tekur ákvörðun um form framtala hjá mönnum, sbr. 1. mgr. 90. gr. og hjá lögaðilum, sbr. 1. mgr. 91. gr. TSL
- Tekur ákvörðun um form launamiða o. fl., sbr. 1. mgr. 92. gr. TSL
- Tekur ákvörðun á framtalsfresti, sbr. 1. mgr. 93. gr. TSL
- Getur í þágu skatteftirlits krafist framlagningar á hvers konar gögnum, sbr. 2. mgr. 94. gr. TSL

Eyðublaðagerð, upplýsingaskil

- Tekur ákvörðun um form uppl. vegna eftirlits með nýtingu kaupréttar, sbr. 2. mgr. 10. gr. TSL
- Tekur ákvörðun um form skilagreina skattfrjálsra aðila á fjármagnstekjuskatti, sbr. 4. mgr. 71. TSL
- Tekur ákvörðun um matsverð búpenings, sbr. 2. tl. 73. gr. TSL
- Annast um birtingu jöfnunarstuðla, sbr. 3. mgr. 18. gr. TSL
- Veitir undanþágu frá fyrningarhlutföllum, sbr. 47. gr. TSL

Staðfestingar o. fl.

- Staðfestir að fullnægt sé ákveðnum skilyrðum, sbr. 6. mgr. 18. gr. TSL
- Staðfestir að fullnægt sé ákveðnum skilyrðum, sbr. 3. mgr. B-liðar 1. mgr. 30. gr. TSL. Sjá einnig 5. mgr. og 6. mgr. sömu greinar
- Setur reglur um útreikning ..., sbr. 4. tl. 50. gr. TSL
- Setur reglur um skilyrði ívilnunar, sbr., 2. mgr. 65. gr. TSL
- Setur reglur um framkvæmd útreiknings álags vegna síðbúinna framtalsskila, sbr. 1. mgr. 108. gr. TSL

Ríkisskattstjóri, úrskurðarvald

- Hefur úrskurðarvald um heimilisfesti manna og lögaðila, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. TSL
- Hefur úrskurðarvald um ákvörðun ívilnunar, sbr. 2. mgr. 65. gr. TSL
- Hefur úrskurðarvald vegna fyrirframgreiddra barnabóta, sb. 8. mgr. A-liðar 68. gr. TSL
- Hefur úrskurðarvald vegna fyrirframgreiddra vaxtabóta, sbr. 12. mgr. B-liðar 68. gr. TSL
- **Þessir úrskurðir eru yfirleitt endanlegir sem þýðir að ekki er unnt að kæra þá til YSN**

Skattrannsóknarstjóri, almennt

- Skipun o. fl., sjá 88. gr. TSL
 - Verður að fullnægja sömu hæfisskilyrðum og skattstjórar/ríkisskattstjóri/vararíkisskatt-stjóri
- Verkefni, sjá 104. gr. TSL
 - Hefur með höndum rannsóknir skv. tekju-skattslögum og lögum um aðra skatta og gjöld
 - Ath. skiptinguna milli skattrannsókna og skatteftirlits

Eftirlitsheimildir

BANKALEYENDIN VÍKUR FYRIR

- Hafnað er þeirri kröfu stefnanda, Landsbanka Íslands hf., að viðurkennt verði með dómi að stefnanda **sé óskýlt** að afhenda stefnda, ríkisskatt-stjóra, **sundurliðaðar upplýsingar** um öll viðskipti með hlutabréf og aðila að þeim viðskiptum á árinu 2003, sem stefnandi hafði umsjá með, í samræmi við það sem eyðublað stefnda RSK 2.08 ber með sér, svo sem krafist hafi verið af hálfu stefnda í bréfi til stefnanda 25. maí 2004
- Stefnanda er skýlt samkvæmt bréfi stefnda, ríkisskattstjóra, dags. 25. maí 2004, að afhenda skattstjórum eða umboðsmönnum þeirra sundurliðaðar upplýsingar um öll viðskipti með hlutabréf og aðila að þeim viðskiptum á árinu 2003, sem stefnandi hafði umsjá með, í samræmi við og í því formi sem stefndi hefur ákveðið samkvæmt eyðublaði RSK 2.08, samkvæmt auglýsingu stefnda nr. 1/2004 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 7. janúar 2004

Þarf að afhenda upplýsingar um konurnar



Um 100 konur leituðu til lögmanns vegna þess að þær fengu PIP brjóstagræðslur. ERIC GAILLARD

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað að lögmaður kvenna sem fengu PIP brjóstagræðslur þurfi að afhenda skattrannsóknarstjóra trúnaðarupplýsingar um skjólstæðinga sína. Úrskurðinum verður vísað til Hæstaréttar.

„Mér er gert að afhenda nöfn og kennitölur kvenna sem leituðu til Jens Kjartanssonar lýtalækis á árunum 2006-2011. Ég ætla að kæra þennan úrskurð til Hæstaréttar og mun ekki afhenda upplýsingarnar fyrr en niðurstaða er komin í Hæstarétti,“ sagði Saga.

Um 100 konur leituðu til Sögu vegna þess að þær fengu PIP brjóstagræðslur hjá Jens Kjartanssyni. Í ljós kom að iðnaðarsílikon var notað í púðana og stórt hlutfall púðanna var farinn að leka.

Eftir að þetta mál kom upp hóf embætti skattrannsóknarstjóra rannsókn á því hvort Jens hefði brotið skattalög. Embættið óskaði eftir upplýsingum frá lýtalæknum um þær brjóstagræðslur sem þeir hefðu gert. Þeir höfnuðu kröfunni og var málinu vísað til Persónuverndar sem komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri skýr lagaheimild til að afhenda þessar upplýsingar.

Saga segir að af þessum 100 konum sem hafi leitað til sín séu um 50 sem hafi farið í aðgerðir hjá Jens á því tímabili sem skattrannsóknarstjóri er að rannsaka.

Saga segir að það geti verið óþægilegt fyrir konurnar að nöfn þeirra og kennitölur séu afhentar með þessum hætti. „Þetta er líka talsvert mikið mál fyrir mig sem lögmann. Í þessu máli er verið að láta reyna á hversu þungt þagnarskylda lögmannna er og hvort hún nær lengra en önnur lagaákvæði. Það er það sem mér finnst skipta mestu máli varðandi þessa niðurstöðu.“

SKR, upphaf máls

- Rannsókn skattabrota getur átt upphaf í ábendingum frá
 1. Almenningi t. d.í kjölfar framlagningar skattskrár. Sjá 103. gr. TSL
 2. Ríkisskattstjóra, sbr. 6. mgr. 96. gr. og 5. mgr. 101. gr. TSL
 3. Eigin frumkvæði skattrannsóknarstjóra, sbr. 103. gr. TSL



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI RÍKISINS

Forsíða

[Starfsemi](#)[Lög og reglur](#)[Leiðbeiningar](#)[Dómar og refsíákvarðanir](#)[Tengdir vefir](#)[Ábendingar um skattsvik](#)[Starfsmannamál](#)[English](#)

Ábendingar um skattsvik

Ábendingu um meint skattsvik til skattrannsóknarstjóra ríkisins er unnt að senda með því að fylla inn í innsláttarformið að neðan.

Athugið að ekki er nauðsynlegt að fylla út nafn og netfang.

Einnig er hægt að senda tölvupóst beint á netfangið: skattsvik@skattrann.is

Nafn:

Netfang:

Ábending:

Hreinsa

Skrá



Flýtleiðir

- Netföng starfsmanna
- Ársskýrsla 2007

Áhugavert efni

- Skýrsla um skattsvik (PDF)



Yfir hundrað ábendingar um skattsvik

18.11.2018 - 18:49



Mynd: RÚV

Á annað hundrað ábendingar um skattsvik hafa borist embætti skattrannsóknarstjóra á þessu ári. Fimm mál hafa þegar verið tekin til rannsóknar þar sem grunur leikur á að ríflega hundrað milljónum hafi verið skotið undan skatti.

Skattrannsóknarstjóra berast reglulega ábendingar frá almenningi um skattsvik meðal annars í gegnum heimasíðu embættisins þar sem boðið er upp á sérstakan hlekk.

„Sumar eru ítarlegar með gögnum og aðrar ein tvær setningar. En allt sætir þetta skoðun og greiningu og farið með þetta eftir því sem talið er rétt hverju sinni. Það eru alltaf nokkrar ábendingar sem verða að málum hjá skattrannsóknarstjóra á hverju ári og sumar þeirra eru alvarlegar þannig að þetta eru ábendingar sem skipta embættið máli,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

118 ábendingar hafa borist embættinu í ár og hafa um 70 verið framsendar til ríkisskattstjóra. Í flestum tilvikum er um að ræða grun um svarta vinnu, ólögsmæta sambúð og að tekjur séu ekki gefnar upp til skatts.

HÖSKULDUR KÁRI SCHRAM

Fréttastofa RÚV

[Senda skilaboð](#)



Skatteftirlit og skattrannsóknir.

Valdmörk, ljós - óljós

- Embætti skattrannsófnarstjóra var áður deild hjá embætti ríkisskattstjóra
- Stofnað með lögum nr. 111/1992 og tók til starfa 1. jan. 1993 í kjölfar dómsmáls gegn Þýsk íslenska verslunar-félaginu
- **Mörk skatteftirlits og skattrannsókna**
 - Erfitt að skilja þetta í sundur þar sem rannsóknar-andlagið er það sama, það er rétt eða röng skattskil. Markmið skattrannsókna er þó aðeins víðtækara en skatteftirlits þar sem tilgangur þeirra er öðrum þæði að gera þeim refsingu sem brotið hefur af sér

Framkvæmd skattrannsókna

- Sjá reglugerð nr. 373/2001 um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna
- Um skilin á milli skatteftirlits og skattrann-sókna vísast til 8. gr. reglugerðarinnar
- Málsmeðferð. Skattapáttur. Refsipáttur. Skatt-rannsóknastrjóri. Stjórnsýslusátt. Yfirstatta-nefnd. Refsing. Sekt. Ekki vararefsing. Efna-hagsbrotadeild. Dómstólar. Sektarrefsing með vararefsingu. Samfélagsþjónusta

Almennt hæfi. Sérstakt hæfi

- Um sérstakt hæfi eru ákvæði í II. kafla stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Einnig má hafa hliðsjón af 104. gr. TSL
 - Eigi má maður taka þátt í rannsókni eða annarri meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómara í málinu.
- Umrædd atriði lúta að tengslum skattaðila og skattstjóra þar með talið starfsmanni hans
- Afleiðing:
 - Komi ljós að ríkisskattstjóri þar með talið starfs-maður hans hefur verið vanhæfur til að taka ákvörðun getur það valdið ómerkingu hennar

Þagnarskylda – tekjur.is ???

- Starfsmenn skattkerfisins eru bundnir mjög ríkri þagnarskyldu, sbr. 117. gr. TSL
- Skv. því er þeim óheimilt að skýra óviðkom-andi mönnum frá nokkru því er þeir komast að í störfum sínum um tekjur og gjöld, eignir og skuldir aðila
- Þessi þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi og varðar brot á henni refsingu skv. almenn-um hegningarlögum

Yfirskattanefnd, sjá lög nr. 30/1992

- Úrskurðarvald. Einskorðast við ákvarðanir um skatta og gjöld
- Stjórnskipulag. Fjölskipað stjórnvald. 6. nefndarmenn. 4 aðalmenn og 2 aukamenn
- Kærufrestur. 3. mánuðir frá póstlagningu ákvörðunar ríkisskattstjóra
- Málsaðild. Skattaðili. ríkisskattstjóri og eða hlutaðeigandi sveitarfélag

Yfirskattanefnd, sjá lög nr. 30/1992

- Málsmeðferð
 - Framlögð gögn. Kæra. Kæruúrskurður
 - Tímafrestrir
 - Umsagnarfrestur rsk
 - Uppkvaðning úrskurðar
 - Skriflegur málflutningur. Undantekningarákv
 - Málskostnaður

Dómstólar

- Skattákvörðunum má skjóta til dómstóla. Þetta gildir bæði um ákvarðanir skattstjóra og yfirskattanefndar
- Af þessu leiðir að ekki er skylt að áfrýja kæruúrskurði skattstjóra til YSN. Skattaðili getu semsé farið beint með mál sitt til dómstóla
- **ÞETTA ER ALMENN REGLA.** Til að víkja frá henni þarf því lagaákvæði. **Sjá áður 5. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt**

5. mgr. 29. gr. VSL

Sjá frumvarp til laga 123/2014:

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla [**enda hafi áður verið um hann úrskurðað af yfirskattanefnd.**

Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að yfirskattanefnd úrskurðar í málinu]

Þetta heitir að tæma verði kæruleiðir skv. stjórnarsýslulögum fyrst. Höfði maður mál án þess að tæma kæru leiðirnar fyrst myndi málinu verða vísað frá dómi. Þessu hefur nú verið breytt

Nú hljóðar þetta svona:

- Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla

SPURNINGAR

- ... ef ekki þakka ég fyrir mig